



Handbók um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi

Leikskólinn Klettaborg Borgarnesi

Handbókin var unnin
skólaárið 2025/2026

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Saga skólans	3
Fræðileg umfjöllun	4
Leikur og nám.....	4
Málproski	5
Læsi.....	6
Bernskulæsi	7
Forsendur læsinnáms	7
Farsæld barna	8
Snemmtæk íhlutun	8
Börn með fjölbreyttan menningarbakgrunn	9
Móttaka barna af erlendum uppruna	10
Þátttökuaðlögun	10
Ferli móttöku barna af erlendum uppruna	11
Virkt fjöiltyngi	12
Málstefna	12
Málstefna Klettaborgar	13
Málörvun í leikskólastarfinu	14
Skipulagðar stundir í leikskólalífinu.....	14
Lestrarstundir.....	15
Áherslur í lestri fyrir börn	16
Kennslu- og íhlutunarefni	17
Bókasafn.....	17
Lubbi	17
Leikskólalæsi	17
Málörvunarstundir: Lengi býr að fyrstu gerð	18
Sjónrænt skipulag.....	19
Bína bálreiða	19
Gefðu mér fimmu	20
TMT (Tákn með tali).....	20
Gefðu 10	20
Vináttuverkefnið Blær	20
Söngur og þulur	21
Flokkun kennslugagna	21

Orðaforði	22
Málskilningur.....	23
Setningafræði.....	23
Málfræði	23
Hlustun.....	23
Heyrnarminni	24
Hljóðkerfisvitund	24
Stærðfræði.....	25
Félagsfærni	25
Tengsl kennslufræðilegra þátta málörvunar og læsis við daglegar athafnir.....	25
Stoðþjónusta	36
Málþroski – skimanir og skráningar	36
TRAS – 2-5 ára.....	36
LANIS - 2,9 ára	36
HLJÓM-2 – elsti árgangurinn	37
Aðrar skimanir og skráningar	38
Tilvísanir til talmeinafræðinga	39
Foreldrasamstarf	41
Samstarf leik- og grunnskóla	42
Samstarf Klettaborgar við Grunnskólann í Borgarnesi og frístundaheimilið Borgarsel	43
Samstarf við Skólajónustu Borgarbyggðar.....	43
Samstarf við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Borgarnesi.....	43
Lokaorð	44
Heimildaskrá.....	45

INNGANGUR

Skólaárið 2025-2026 fékk Klettaborg ásamt öllum leikskólum Borgarbyggðar tækifæri á að taka þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun - með áherslur á mál og læsi. Verkefnið var unnið í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og skólaþjónustu Borgarbyggðar.

Meginmarkmið með þátttöku í verkefninu er að auka þekkingu innan leikskólans, samræma verkferla og útbúa handbók. Verkefnið gengur út á að öll börn í leikskólum á Íslandi nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi. Einnig er lagt upp með að draga úr og jafnvel fyrirbyggja málþroskavanda og lestrarörðugleika. Tilgangur verkefnisins er meðal annars að tryggja jöfn tækifæri barnanna í leikskólanum og stuðla að hámarks árangri hvað varðar málþroska og læsi barnanna. Hluti af verkefninu er gerð handbókar sem að rammar inn starf leikskólans í tengslum við mál og læsi. Markmið handbókarinnar er að starfsfólk leikskólans öðlist meiri þekkingu og skilning á málörvun, þekki og nýti sér það málörvunarefni sem til er í leikskólanum. Handbókin á að styðja við áframhaldandi vinnu í tengslum við málþroska og læsi eftir að innleiðingarferlinu líkur. Vinnan í tengslum við verkefnið á að valdefla starfsfólk leikskólans við að beita íhlutun og kennslu við hæfi í daglegu starfi.

Handbókin er aðlöguð að hugmyndafræði, skólanámskrá og læsisstefnu leikskólans. Haft er að leiðarljósi að gera heildræna læsisstefnu í gegnum alla skólagöngu barnsins frá eins árs til enda grunnskóla.

Undirmarkmið

1. Handbók unnin til að allt starfsfólk leikskólans hafi þekkingu og skilning á málörvun og þekki og geti unnið með það málörvunarefni sem til er í leikskólanum.
2. Leggja áherslu á markvissa málörvun í öllu daglegu starfi leikskólans.
3. Kynna verkferla sérkennslu leikskólans.
4. Auka samstarf og þekkingu forráðamanna hvað varðar málörvun og læsi.

Með þátttöku í þróunarverkefninu er betur hægt að tryggja að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og undirbúning fyrir lestrarnám.

SAGA SKÓLANS

Leikskólinn Klettaborg er staðsettur í fallegu umhverfi við Borgarvoginn og Þjóðveg 1 í Borgarnesi. Stutt er í ósnortna náttúru, fallegar gönguleiðir og

marga áhugaverða sögustaði. Leikskólinn opnaði formlega í núverandi húsnæði 11. október 1978 og var upphaflega tveggja deilda. Árið 1991 var tekin í notkun fyrsta viðbyggingin og fjölgaði deildum þá í þrjár. Í lok árs 2004 bættist önnur viðbygging við sem rúmar stærri sal, listakrók, eldhús og starfsmannaaðstöðu. Í janúar varð leikskólinn fjögurra deilda þegar gámaeiningum var komið fyrir við leikskólann. Deildir leikskólans nefnast Ólátagarður, Kattholt, Sjónarhóll og Skarkalagata og taka allar nöfn úr sögum Astridar Lindgren. Leikskólinn er fyrir börn frá 12 mánaða til 6 ára aldurs.

Einkunnarorð leikskólans eru: Sjálfstæði, virðing og gleði.

Í Klettaborg er barnið alltaf í brennidepli og á að fá að þroskast og mótast á eigin forsendum. Barnið er hvatt til þess að reyna sjálft og fikra sig þannig áfram, það er þátttakandi í að móta eigin veröld, þar sem rödd þess fær að hljóma og á hana er hlustað. Lögð er áhersla á mikla samvinnu við foreldra um að skapa umhverfi utan um börnin sem stuðlar að því að þau verði sjálfstæðir, hamingjusamir, skapandi einstaklingar með góða sjálfsstjórn og jákvæða og sterka sjálfsmynd. Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að börnin tjái tilfinningar sínar, virði skoðanir og taki tillit til annarra.

FRÆÐILEG UMFJÖLLUN

LEIKUR OG NÁM

Í aðalnámskrá leikskóla (2011/2023) er gert grein fyrir markmiðum leikskólanáms barna. Þar kemur fram að nám barnanna eigi að fara fram í gegnum leik og skapandi starf. Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í samstarfi við foreldra, gefa börnum tækifæri til skipulagðrar málörvunar og stuðla að eðlilegri færni í íslensku, auk þess eiga leikskólar að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega. Einnig á í leikskólastarfinu að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra, leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæð og virk í samfélaginu. Stuðla að eflingu sjálfsmyndar þeirra og rækta hæfni til tjáningar og sköpunar.

Leikur er tjáningarleið barna og órjúfanlegur þáttur í bernsku þeirra. Í leiknum felst sjálfsnám þar sem barnið lærir hluti sem ekki er hægt að kenna beint. Sjálfsprottinn leikur er námsleið barna og er þar af leiðandi meginnámsleið leikskóla. Slíkur leikur greinist frá öðru atferli þar sem að hann er leiddur af börnunum sjálfum, þau ákveða hvar og hvenær hann fer fram og hvað felst í leiknum. Í sjálfsprottnum leik styrkjast tengsl, upp koma vandamál sem börnin læra að leysa sjálf, með auknum aldri barnanna ná þau betri tókum á félagslegum einkennum og málið verður meira áberandi. Leikur virkjar sköpunarkraft barna og löngun þeirra til þess að læra og afla sér aukinnar þekkingar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011/2023).

Í aðalnámskrá leikskóla (2011/2023) er fjallað um læsi og samskipti barna. Börn eru almennt félagsverur og hafa mikla þörf fyrir samskipti. Í gegnum leik þeirra eflist hæfnin til þess að vera í samskiptum og málþroski þeirra eykst, þau tjá hugmyndir sínar, reynslu, tilfinningar og læra að beita tungumálinu á fjölbreyttan hátt. Færni í tungumálinu er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og verið virkir þátttakendur í leikskólasterfinu. Efla þarf börn í því að ná tökum á íslenskri tungu þannig að þau hafi góðar forsendur til þess að taka þátt í leik og daglegu starfi. Í gegnum leikinn gera börnin tilraunir með tungumálið og prófa sig áfram í öruggu umhverfi með öðrum börnum og fullorðnum. Í leikskóla er mikilvægt að börn fái meðal annars tækifæri til að tjá sig með margvíslegum hætti, þróa læsi í víðum skilningi, iðka allskonar tjáningu, kynnast tungumálinu og möguleikum þess og læra að tungumál og tjáning á sér margvísleg form.

MÁLÞROSKI

Mikilvægi þess að ná tökum á tungumáli eða tungumálum sem töluð eru í umhverfi barns er óumdeilt. Það er nauðsynlegt til að geta tekið þátt í samfélaginu að geta tjáð sig með orðum, að hafa tök á því að skilja það sem sagt er og krefst það þekkingar á tungumálinu. Tungumálið er tæki til boðskipta en einnig verkfæri eigin hugsana og stjórnar oft því hvernig sjálfsmynd einstaklingsins mótast. Auk þess er skilningur og þekking á tungumálinu lykill að hugarheimi annarra og þar með tækifæri til að efla félags- og tilfinningaþroska. Með samtali og samræðum við aðra fá börn möguleika á því að ræða tilfinningar sínar og annarra og læra að skilja að aðrir hafa aðrar tilfinningar og aðra sýn á heiminn en þau sjálf. Málþroski sem þróast á leikskólaárum er grunnur að því lestrarnámi sem kemur til með að fara fram síðar á ævinni (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013).

Grunnur að eðlilegum málþroska er lagður í frumbersku og heldur áfram út ævina. Fyrir fimm ára aldur á mikill meirihluti þróunarinnar sér stað og er talið að málþroski barna fylgi svipuðu munstri hjá þeim öllum þó svo að um mikinn einstaklingsmun geti verið að ræða (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014)

Málþroski barna skiptist í máltjáningu og málskilning. Með máltjáningu er átt við hvernig einstaklingar tjá sig eða tala. Málskilningur felur í sér hversu góðan skilning á tungumálinu einstaklingar hafa. Góður orðaforði er mikilvægur bæði fyrir máltjáningu og málskilning. Aðrir þættir sem falla undir málþroska eru málnotkun, beygingar, orð, setningar og hljóð.

Fyrstu ár ævinnar eru þýðingarmikil í máltöku barna. Börnum lærast fljótt hvernig grátur færir þeim næringu og umönnun. Á fyrstu mánuðunum kemur fram hljóðamyndun, hjal og hljóðarunur. Á sama tíma reyna börn að átta sig á rödd þeirra sem eru í kringum þau og átta sig á undirstöðuatriðum móðurmálsins. Fyrstu orð barna koma fram í kringum eins árs aldur og eru sambærileg á öllum tungumálum. Á öðru ári þá eykst orðaforði hratt og barnið fer að spreyta sig á setningamyndun. Málskilningur eykst og nær hægt og bítandi til flóknari og flóknari setninga. Með auknum aldri og meiri færni til þess að

nota talfærin verður framburðurinn skýrari. Þessi undirstöðuatriði málþroska, góður orðaforði, málskilningur og máltjáning eru mikilvæg fyrir frekara nám og lestur (Ingibjörg Georgsdóttir, 2008).

LÆSI

Hugtakið læsi hefur verið tengt við þá færni sem þarf til að fólk geti fært hugsun sína í ritað mál og að það nái þeirri færni að skilja það sem verið er að lesa. Með aukinni þekkingu og rannsóknum hafa hugmyndir um læsi breyst og sérfræðingar sammála um að læsi snúist um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og sé því félagslegt í eðli sínu. Læsi stýrist af þeirri hefð sem ríkir og einstaklingurinn getur því ekki öðlast þessa færni óháð stað og stund og þeim gildum og þeirri menningu sem hann býr við.

Í lestrarstefnu Borgarbyggðar (Borgarbyggð, e.d) kemur fram að stefnunni sé ætlað að styðja við starf skólanna, skilgreina markmið og leiðir sem hver skóli útfærir. Markmið lestrarstefnunnar er að tryggja jafnan rétt allra nemenda í sveitarfélaginu til gæða kennslu á sviði máls og lesturs. Einnig að tryggja samfellu og stíganda í lestarnáminu og að veita foreldrum yfirsýn yfir lestrarnámið og auðvelda þeim stuðning við það heima.

Að ná tökum á lestri og að verða læs er ein flóknasta hugræna aðgerð sem börn þurfa að tileinka sér á lífsleiðinni. Leiðin til læsis getur reynst mörgum einstaklingum erfið enda eru margir þættir sem hafa áhrif á þróunina. Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki heldur er hann færni sem börn þurfa að læra og þjálf. Til að mynda er mikilvægt að börnin öðlist góða færni í þáttum eins og hljóðkerfis- og hljóðavitund, orðaforða, umskráningu og skilningi, færni í lestri er því stór þáttur í því að öðlast þau lífsgæði sem talin eru eftirsóknarverð í tæknivæddum samfélögum nútímans (Steinunn Torfadóttir ofl., 2026).

Börn byrja að læra undirstöður lestrar strax við upphaf máltöku sem heldur svo áfram upp allan leik- og grunnskólann. Þótt ekki sé lögð áhersla á beina lestrarkennslu í leikskólastarfinu koma þau með nokkra eða jafnvel töluverða lestrarkunnáttu upp í grunnskóla. Það forskot má rekja til læsisríks uppeldis og umhverfis leikskólans þar sem áhersla er meðal annars lögð á bækur, ljóð, samskipti, fjölbreytta málörvun og hljóðþekkingu stafa. Auk þess er unnið með læsi í víðum skilningi og tjáningu, ásamt því er áhersla lögð á að hafa ritmál sýnilegt þannig er stuðlað að sjónrænum orðaforða. Leikskólum bera að líta svo á að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins og fer því öll innlögn og kennsla fram í gegnum leik. Því verða börn oftast ekki vör við að þau séu að læra undirstöður lesturs en flest börn eru áhugasöm um lestrar- og skriftarnám og er þeim gefið tækifæri til að styrkja þann áhuga (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2013; Bryant o.fl., 2020). Til að öðlast læsi þarf að vera aðgangur að skriffærum, pappír eða sambærilegu efni til að skrifa á, einnig þarf að vera aðgangur að bókum, tæknimiðlum og verkunnáttu til að koma ritsmíðinni á framfæri.

Að ná góðum tókum á lestri er mikilvægur þáttur í öllu námi, því gefur að skilja að íhlutun fyrir þau börn sem standa höllum fæti getur skipt sköpum fyrir framtíðarhorfur þeirra. En til að íhlutun skili árangri er mikilvægt að henni sé beitt markvisst og hún mótuð með þarfir þeirra barna sem þurfa að leiðarljósi. Markmiðið með íhlutun er að jafna getu bilið innan barnahópsins (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2013).

BERNSKULÆSI

Bernskulæsi er ákveðin færni, þekking og viðhorf sem þróast sem undanfari læsis. Hugmyndafræðin byggir á því að læsi sé samfelld þróun sem hefst snemma á lífsleið barnsins. Ferlið er ekki einfalt og inn í það fléttast margir þroska- og færniþættir sem reyna á ólíka þætti tungumálsins. Hugtakið nær yfir þroskaferli barns sem á sér stað á leikskólaárunum og á þeim tíma er lagður mikilvægur grunnur að þroska sem býr börnin undir frekara lestrarnám. Læsi byrjar samkvæmt hugmyndafræðinni snemma á lífsleiðinni og er í þróun út ævina. Í bernskulæsi felst að þroska með sér hæfileika, þekkingu og viðhorf sem síðar þróast í hefðbundið form lestur og skriftar (Elín Ósk Harðardóttir, 2019). Bernskulæsi er undanfari formlegs lestrarnáms og samanstendur meðan annars af kennslu í orðaforða, áherslu á að styrkja almennan málþroska, styðja við þróun hljóðkerfisvitundar, efla frásagnargetu og huga að grunni í hljóða- og bókstafapekkingu. Í leikskólanum er barnið hvatt áfram þannig að það geti byggt upp lestrarnám sitt á leikskólaaldri. Stuðst er við forvitni barnsins og það hvatt áfram í gegnum leik og hvetjandi umhverfi.

FORSENDUR LÆSISNÁMS

Málþroski og læsi er samtvinnuð á öllum aldursskeiðum og málþroskinn sem börn öðlast þegar þau eru í leikskóla leggur grunn að læsisþróun þeirra til framtíðar. Tvær megin undirstöður lesskilnings eru umskráningingarfærni og mál- og hlustunarskilningur. Báðar þessar undirstöður verða til löngu áður en hefðbundið lestrarnám á sér stað (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015)

Góður málþroski er undirstaða lestrarfærni. Allir þættir tungumálsins gegna hlutverki við lestur. Mál og lestur er ekki hægt að aðgreina og þess vegna er mikilvægt að efla málþroska ungra barna og gera þeim þannig auðveldara með að ná tókum á því að læra að lesa og skilja hvað það er sem þau eru að lesa. Mikilvægt er að geta lesið sér til gagns, en til þess þurfa börn að þróa með sér góðan lesskilning. Lesskilningur byggir á merkingarþætti málsins og innan þess þáttar er orðaforði og málskilningur sem krefst þekkingar á málfræði og setningar- og orðhlutavitund. Einnig er viðeigandi málnotkun einn þáttur lesskilnings. Til þess að ná góðum tókum á lestri þarf að læra og ná tókum á því að tengja saman hljóð bókstafanna í orð sem síðan er raðað saman í setningar og

kallast þessi hæfni umskráning. Undirstaða þess þáttar að hafa tök á að raða saman hljóðum bókstafa í orð er hljóðkerfi málsins. Góð hæfni í umskráningu hefur áhrif á lesfimi en í henni felst að geta lesið rétt, sjálfvirkt og með réttu hljómfalli, áherslum og hraða (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021).

FARSÆLD BARNA

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 eiga að tryggja öllum börnum á Íslandi og foreldrum þeirra þjónustu við hæfi ef að þörf er á. Samkvæmt lögnum skal fylgst vel með velferð og farsæld allra barna og meta þörf fyrir þjónustu. Ef talin er vera þörf á því að veita barni þjónustu þá skal bregðast við á skilvirkan hátt og tryggja samráð á milli þeirra aðila sem veita þjónustuna þannig að hún megi vera samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barns og foreldra þess.

Hlutverk laganna er að börn og foreldrar eigi auðveldara með að fá þjónustu við hæfi. Tengiliðir sem starfa meðal annars í leikskólum hafa það hlutverk að veita aðstoð við að sækja þjónustu án hindrana. Tengiluður í leikskólanum er Ragnhildur Hallgrímsdóttir, sérkennslustjóri. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra sem starfar hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Markmiðið með lögnum er að bæta þjónustu við börn og foreldra þannig að þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.).

SNEMMTÆK ÍHLUTUN

Rannsóknir hafa sýnt að með markvissum aðgerðum sem hefjast snemma á lífsleiðinni er hægt að hafa áhrif á þroska barna. Starfsemi heilans hjá börnum er sveigjanleg og ósérhæfð og þess vegna talið að með örvun sé hægt að hafa áhrif á starfsemi heilans. Einnig hafa rannsakendur sýnt fram á mikilvægi örvunar á fyrstu æviárunum fyrir allan síðari þroska. Markmið snemmtækra íhlutunar er að draga úr áhrifum meðfæddra áskoranna eða áskoranna í umhverfi barnanna og koma í veg fyrir erfiðleika í þroska og aðlögun síðar á lífsleiðinni með því að veita barninu stuðning (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Íhlutun felst í því að lögð er áhersla á aðgerðir með markvissum hætti sem eiga að stuðla að þroskaframvindu barns, hvort sem um er að ræða málörvun eða örvun annarra þroskaþátta. Rannsóknir hafa sýnt að því fyrr sem íhlutunin á sér stað með markvissum aðgerðum því meiri líkur eru á því að hún skili árangri. Því er mikilvægt að bregðast við um leið og rökstuddur grunur vaknar um frávík í málþroska hjá börnum (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014).

Rannsóknir á mikilvægi snemmtækra íhlutunar hafa sýnt fram á nokkra þætti sem skipta meginmáli í þeim tilgangi að tryggja sem bestan árangur af íhlutuninni. Fyrst má nefna

mikilvægi þess að hefja íhlutun eins snemma og hægt er. Í öðru lagi er mikilvægt að íhlutunin sem fram á að fara sé unnin í nánun samstarfi og samvinnu við foreldra barnsins. Í þriðja lagi hafa rannsóknir sýnt að þeir sem vinna með barninu og veita því íhlutun þurfa að hafa góða þekkingu á vanda barnsins. Í fjórða lagi hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að íhlutunin eigi sér stað í nærumhverfi barnsins en ekki sé verið að taka það úr aðstæðum sem það þekkir til þess að veita íhlutunina. Snemmtæk íhlutun er í stuttu máli fólgin í markvissum aðgerðum sem byggja á rannsóknum og hafa það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum sem fram geta komið vegna þroskavanda og erfiðleika á sviði félagslegrar aðlögunar á líf barna (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

BÖRN MEÐ FJÖLBREYTTAN MENNINGARBAKGRUNN

Íslenskt samfélag hefur verið að þróast í fjölmenningslegu samfélag þar sem fólk frá mörgum menningar – og tungumálaheimum býr. Þessi breyting kallar á að skólafar þarf að aðlagast að breyttum aðstæðum. Mikilvægt er að leggja áherslu á jafnréttishugsjón og taka þarf mið af fjölbreyttum barnahópi í leikskólafarfinu. Börn af erlendum uppruna eiga rétt á uppeldi og menntun þar sem tekið er tillit til menningaruppruna þeirra og tungumáls. Í móttökuáætlun Klettaborgar kemur fram að leikskólinn á að taka tillit til fjölbreytileika barnahópsins og sinna þörfum hvers barns og skapa jákvætt viðhorf til ólíks uppruna, menningar og trúarbragða. Ef vel tekst til í leikskólafarfinu þá gefur það börnum öryggi og sjálfstraust til þess að þroskast og menntast. Í leikskólafarfinu er lögð áhersla á inngildandi menntun sem byggir á því að öll börn fái jöfn tækifæri til náms, þátttöku og félagslegs þroska óháð uppruna, getu, fötlun, tungumáli, kyni eða félagslegum aðstæðum.

Málrækt er órjúfanlegur hluti af inngildandi leikskólafarfi og er samþætt daglegu námi, leik og samskiptum. Í leikskólanum er skapað ríkt og hvetjandi málumhverfi þar sem börn fá tækifæri til að tjá sig, hlusta og taka virkan þátt í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Starfsfólk styður markvisst við málþroska barna með meðvitaðri málnotkun, virkri hlustun og jákvæðum samskiptum, þannig að öll börn, óháð málþærni, upplifi sig sem virka þátttakendur í leikskólasamfélaginu.

Þar sem mörg börn tileinka sér fleiri en eitt tungumál samtímis er mikilvægt að hafa í huga að tungumálin hafa áhrif hvert á annað og byggja hvert á öðru. Allur tungumálabakgrunnur barnsins er því mikilvægur hluti af heildarferli máltöku. Hæfni barns í móðurmáli sínu skiptir miklu máli, bæði fyrir skilning á umhverfi sínu og sem grunnur að tileinkun íslensku. Með því að líta á tungumálafjölbreytni sem styrk og vinna markvisst að málrækt innan inngildandi leikskólafarfs er stuðlað að vellíðan, virkri þátttöku og jöfnum tækifærum allra barna.

MÓTTAKA BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA

Það getur verið krefjandi reynsla fyrir barn að hefja leikskólagöngu þar sem talað er annað tungumál en það þekkir og umhverfið er jafnframt nýtt og framandi. Því er mikilvægt að fyrstu kynni barns og foreldra af leikskólanum séu jákvæð og að foreldrar upplifi sig velkomna frá upphafi. Mikilvægt er að gefa bæði foreldrum og barni nægan tíma til að vera saman í leikskólanum í upphafi, þannig að barnið geti öðlast öryggi í nýjum aðstæðum. Jafnframt skiptir miklu máli að starfsfólk leikskólans gefi sér tíma til að kynnast foreldrum og byggja upp traust sín á milli, sem leggur grunn að góðum samskiptum og farsælu samstarfi til framtíðar.

ÞÁTTTÖKUADLÖGUN


Stuðst er við þátttökuaðlögun í leikskólanum fyrir öll börn. Aðlögunaraðferðin byggir á sænskri fyrirmynd og felst í því að barnið kynnist nýjum aðstæðum með virkum stuðningi foreldra sinna. Markmið hennar er að tryggja að foreldrar upplifi öryggi í nýjum aðstæðum og geti miðlað því áfram til barna sinna, ásamt forvitni og jákvæðri tilhlökkun gagnvart leikskólastarfinu.

Foreldrar taka virkan þátt í leikskólastarfinu fyrstu dagana og eru með barninu allan tímann, að undanskildri hvíld. Á meðan á aðlögun stendur taka foreldrar virkan þátt í daglegu starfi, leika með börnum sínum, gefa þeim að borða, sinna umönnun og eru stöðugt til staðar. Með þessu verða foreldrar hluti af leikskólasamfélaginu og nánari tengsl skapast milli þeirra og starfsfólks leikskólans.

Aðlögunin fer þannig fram að fyrsta daginn eru foreldrar og barn saman í leikskólanum frá kl. 9:00 til 12:00. Annan og þriðja daginn eru þau saman frá kl. 9:00 til 15:00. Á fjórða degi er algengast að foreldrar kveðji barnið sitt og það dvelji eitt í leikskólanum þann tíma sem vistun þess kveður á um.

Þátttökuaðlögun getur sérstaklega auðveldað aðlögun barna af erlendum uppruna, þar sem lögð er áhersla á að efla öryggiskennd bæði barns og foreldra. Með virkri þátttöku foreldra skapast tækifæri til samskipta og uppbyggingar trausts milli heimilis og leikskóla. Jafnframt gefst tækifæri til að miðla upplýsingum um skipulag og starfshætti leikskólans, á meðan foreldrar fá tækifæri til að deila upplýsingum um eigin menningu, tungumál og siði, sem stuðlar að auknum skilningi og inngildingunni.

FERLI MÓTTÖKU BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA



VIRKT FJÖLTYNGI

Virkt fjöltyngi felur í sér virka og reglulega notkun á tveimur eða fleiri tungumálum. Þessum árangri er hægt að ná ef að notaðir eru tveir eða fleiri tungumálaheimar og færni í þeim öllum er þróuð á sama tíma. Til þess að hægt sé að ná þessum árangri þurfa börn og foreldrar að rækta móðurmálin, nota þau í samskiptum sín á milli og við aðra. Mikilvægt er að hafa aðgang að bókum og afþreyingarefni á öllum tungumálunum en nauðsynlegt er einnig að hafa áhuga á því að viðhalda málinu og til þess þarf hvati og þörf að vera til staðar. Það er því mikilvægt að öll tungumál séu virt í samfélaginu, innan og utan heimilis og skóla og að þau njóti öll virðingar. Virkt fjöltyngi í námsumhverfi verður til þar sem að leitast er við að börn nái góðum árangri í íslenska skólamálinu en þrói samtímis með sér móðurmál sín (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020).

Mikilvægt er að allir sem starfa með fjöltyngdum börnum tileinki sér jákvætt viðhorf til fjölbreyttra tungumála og finni leiðir til að sýna stuðning í verki. Með því að veita öllum tungumálum jákvæða athygli sem að töluð eru í barnahópnum er sýnt fram á mikilvægi þeirra. Í þessu samhengi skiptir máli að hugsa um tungumál sem verkfæri til náms og samskipta sem byggja upp þekkingu hjá barninu, sjálfsmynd þess og félagsauð (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020).

MÁLSTEFNA

Í íslenskri málstefnu 2021-2030 kemur fram að miklu skipti fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu að lögð sé alúð í máluppeldi barna. Með þessu er átt við að mikilvægt sé að leggja sig fram um málrækt og málörvun barna frá upphafi máltökuskeiðsins og að því sé fylgt eftir. Tekið er fram að mikilvægt sé að máluppeldið sé með jákvæðum formerkjum svo að börnin verði ekki fráhverf málinu og kjósi annað tungumál sem oft er þá enska. Í íslensku málstefnunni kemur einnig fram að afar mikilvægt sé að veita þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli aðgang að samfélaginu, menntakerfinu, stjórnýslu og fleiri þáttum samfélagsins. Það þarf því að efla aðgengi að íslenskukennslu fyrir innflytjendur og efla málörvun tvítyngdra barna (Íslensk málnefnd, 2021).

Kveðið er á um að skólar móti sér tungumálastefnu í Aðalnámskrá (2011/2023). Í tungumálastefnunni þarf að koma fram með hvaða hætti er unnið með tungumálið í samskiptum og í daglegu starfi, hvaða leiðir eru nýttar til að nota tungumálaforða sem best ásamt því að virkja og viðhalda áhuga allra á fjöltyngi. Á síðu Miðju máls og læsis (e.d) er fjallað um málstefnur og hvernig þær tengjast bæði málnotkun, hvernig orðaval, slettur, málsnið og framburður kemur fram í tungumálinu, en einnig hvernig málstefna tengist hugmyndum, viðhorfum og væntingum til tungumála. Svo sem hvað okkur þykir æskilegt í tungumálinu og er þar hægt að nefna kurteisvenjur, málsnið, stafsetningu, orðalag, málfræði. Einnig hvað okkur þykir óæskilegt eins og frávik frá viðteknum málvenjum, slettur og meiðandi eða særandi orðfar. Málstefna hefur þann tilgang að hafa

áhrif á málnotkun, viðhorf og hugmyndir um tungumál. Málstefna snýst þannig ekki bara um hvaða tungumál á að nota og hvernig heldur einnig hvað er gott og slæmt mál, hverju á að útrýma, hvað á að styðja við og reyna að viðhalda. Til þess að ákvarðanir sem teknar eru um tungumál hafi áhrif á notkun þess þurfa þær að vera í samræmi við notkun tungumálsins og teknar í fullu samráði við notendur þess. Á síðu Miðju máls og læsis kemur fram að það sé mikilvægt fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu að lögð sé alúð í máluppeldi barna. Það að leggja sig fram um málrækt og málörvun frá upphafi máltökuskeiðs skiptir miklu um framtíðarhorfur barna í tengslum við nám síðar á lífsleiðinni. Tekið er fram að mikilvægt sé að máluppeldið sé með jákvæðum formerkjum þannig að áhugi á íslensku máli haldist.

MÁLSTEFNA KLETTABORGAR

Í leikskólanum hefur verið mótuð málstefna í samræmi við kröfur úr aðalnámskrá og út frá því sem fram kemur í íslenskri málstefnu 2021-2030.

Marmið málstefnunnar er að styðja við alhliða málþroska barna og efla íslensku sem sameiginlegt samskipta- og menningar tungumál. Einnig að skapa jákvætt, málörvandi umhverfi þar sem börn tjá sig, hlusta og eiga samskipti. Starfsfólk leggur sig fram um að veita börnunum gott máluppeldi, það er fyrirmynd barnann og nýtir daglegar aðstæður til að styðja við málþroska.

Áherslur málstefnunnar eru að bera virðingu fyrir tjáningu barna, óháð málfærni. Jafna tækifæri barna til þess að þróa mál sitt, líta á leikinn sem aðal tækifæri barnanna til virkrar málörvunar og þannig sé orðaforði og málskilningur markvisst efldur í leik, samveru og skipulögðu starfi leikskólans.

Fjöltyngi er talið styrkur í málstefnunni og það er virt. Börn með fjölbreyttan tungumálbakgrunn fá stuðning við að læra íslenskt mál samhliða því að hvatt er til þess að það haldi góð tengsl við sín tungumál. Í leikskólastarfinu er markvisst unnið með myndir, tákn, endurtekningar og skýra orðnotkun í daglegu starfi. Gott samstarf er haft við foreldra barnanna, þeir fá upplýsingar um mikilvægi málörvunar og eru hvattir til lesturs og samtals heima.

Starfsfólk hefur metnað fyrir því að vera jákvæðar fyrirmyndir í málnotkun, það grípur öll tækifæri sem gefast til málörvunar í daglegum aðstæðum. Einnig sýnir starfsfólk börnunum athygli, hlustar á þau og gefur þeim tíma til tjáningar. Starfsfólk fylgist vel með málþroska barna og bregst við þörfum þeirra. Einnig grípur starfsfólk til aðgerða í anda snemmtækra íhlutunar ef áhyggjur vakna af þróun málþroska.

Málstefna leikskólans er í stöðugri þróun og er endurskoðuð með reglulegum hætti.

MÁLÖRVUN Í LEIKSKÓLASTARFINU


Í Klettaborg er lögð áhersla á málörvun, læsi og samskipti í öllu leikskólastarfinu. Læsi er margþætt, það felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Málörvun er „rauður þráður“ í gegnum allt leikskólastarf og áhersla er lögð á málrækt. Leikur er mikilvæg náms- og kennsluleið til að kenna læsi og í leik kynnast börn áhrifamætti og margbreytileika tungumálsins. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Hæfni til samskipta er því mikilvægur þáttur í daglegu lífi.

Í leikskólastarfinu eru börn að æfa boðskipti, hlusta, taka tillit til annarra, þekkja eigin tilfinningar, skiptast á, setja sig í spor annarra og að börnin verði meðvituð um að við erum ekki öll eins. Áhersla er lögð á að gefa börnum nægan tíma til leiks, hvetja þau til að hlusta hvert á annað, taka þátt í umræðum, tjá tilfinningar, tala á jákvæðan hátt um sig sjálf og aðra, virða eignarétt annarra, deila með öðrum, taka þátt í hópstarfi, hvetja til hjálpssemi og umhyggju. Lögð er sérstök áhersla á að virða hvert barn og mismunandi þarfir, öll börn eru metin að verðleikum.



SKIPULAGÐAR STUNDIR Í LEIKSKÓLALÍFINU

Hádegisstundir: Öll börn í leikskólanum nema þau sem sofa fara í hádegisstundir þegar þau hafa lokið við að borða hádegismat. Í þessum stundum er lagt upp með að vinna verkefni og fara í leiki sem stuðla að og ýta undir mikilvæga þroskapætti leikskólabarna. Megin áhersla stundanna er á málörvun. Skipulag hádegisstundanna er í föstum skorðum og tekur mið af aldri og þroska hópsins sem unnið er með.



Samverustundir: Í samverustundum er lögð áhersla á málþroska, vitsmunapróska og félagsþroska. Í stundunum eru lesnar bækur, sagðar sögur, sungið, kenndar vísur eða þulur og farið í margskonar leiki. Í samverustundum skapast tækifæri til samræðna sem byggjast á opnum spurningum og rökræðum. Innlögn á hugtökum, litum og talningu ásamt styrkingu á sjálfsvitund og þekkingu á eigin persónu og nánasta umhverfi svo sem

að vita heiti líkamshluta, nafn, aldur, nöfn foreldra og heimilisfang fer oft fram í samverustund. Börnin fá tækifæri til þess að tjá sig í hópnum og segja frá því sem býr í eigin brjósti.

Skipulagðar málörvunarstundir fyrir litla hópa með sérkennara: Í leikskólanum eru málörvunarstundir fyrir litla hópa barna sem þurfa stuðning við að tileinka sér tungumálið. Samsetning hópanna fer eftir eðli þeirra áskorana sem börnin glíma við og er það metið með skoðun á bakgrunnsupplýsingum og greiningum ef að þær liggja fyrir. Sett eru markmið og fundnar leiðir í samræmi við markmiðin sem eiga að mæta þörfum allra barnanna í hópnum.




Í tengslum við uppbyggingu málörvunartímanna er passað að hópurinn sé ekki of stór og vinnan í hópnum fer eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi, oft er stuðst við sjónrænar vísbendingar og farið er yfir boðskiptareglur. Árangur málörvunarstundanna er metinn jafnt og þétt og skráður í þeim tilgangi að mæta þörfum barnanna sem best.

Hugað er vel að samskiptum við foreldra þeirra barna sem eru í skipulögðum málörvunarstundum í leikskólanum, sett eru markmið í einstaklingsnámskrá fyrir hvert og eitt barn og foreldrum veitt ráðgjöf í samræmi við þarfir og þá þætti sem verið er að vinna með hverju sinni.

LESTRARSTUNDIR

Lesið er fyrir öll börn í leikskólanum að minnsta kosti einu sinni á dag. Börnin fá skipulagða lestrarstund auk þess sem að kennarar nýta stundir dagsins og áhuga barnanna til þess að setjast niður með bók og lesa. Mismunandi stundir dagsins eru nýtt til lesturs og fer það eftir aldri og þroska barnanna hvaða stund dagsins er notuð. Lestrarstundir í leikskólanum skipa mikilvægan sess í daglegu starfi og leggja grunn að þeirri færni, þekkingu og viðhorfum sem mótast í tengslum við lestur. Í lestrarstundum kynnast börn fjölbreyttum textum, orðaforða og frásagnarbyggingu. Þegar lesið er reglulega með ungum börnum eykst færni þeirra í að skilja tungumál, tjá sig og mynda tengsl milli orða, mynda og atburða. Í lestrarstundunum stuðla kennarar að virkum samræðum með því að spyrja opinna spurninga, tengja sögur við reynslu barnanna og leyfa þeim að taka þátt í að túlka og segja frá. Bækur eru öflugt kennslugagn, þær bjóða upp á ríkt orðaaval, myndir og fjölbreyttar leiðir til umræðna. Lestrarstundir eiga að vera hluti af daglegu starfi, ekki einungis skipulögð af kennara heldur líka sjálfsprottnar, þar sem börn fá að kanna bækur á eigin forsendum í leik og samveru. Í leikskólanum er læsishvetjandi umhverfi, þar sem bækur eru aðgengilegar, textar sýnilegir og lestur er áberandi hluti menningarinnar í leikskólanum.

ÁHERSLUR Í LESTRI FYRIR BÖRN



KENNSLU- OG ÍHLUTUNAREFNI

BÓKASAFN

Bókasafn leikskólans veitir börnum aðgang að fjölbreyttum bókum og sögum. Þar kynnast börn bókum, myndum og texta, efla orðaforða, ímyndunarafl og málproska í gegnum lestur, samtal og lestur með fullorðnum. Bókasafnið styður jákvætt viðhorf til bóka og læsi og er eðlilegur hluti af daglegu leikskólastarfi. Bókasafn leikskólans er flokkað eftir því fyrir hvaða aldur bækurnar eru. Bækur eru sóttar í bókasafnið og þeim skilað þangað eftir því hvaða áherslur eru í vinnu deildanna hverju sinni.



LUBBI



Lubbi finnur málbein er námsefni sem styður börn í að tileinka sér mál og læsi á skapandi, leikrænan og skemmtilegan hátt. Í gegnum sögur, söngva, leiki og samtöl kynnast börn hljóðum málsins, bókstöfum og orðaforða á sínum eigin forsendum. Lubbi vinnur markvisst með hljóðkerfisvitund, málörvun og tjáningu, án þess að um formlega lestrarkennslu sé að ræða. Áhersla er lögð á jákvætt andrúmsloft, gleði og virka þátttöku barna, þar sem leikurinn er meginleið náms.

Í Klettaborg er unnið markvisst með máhljóð Lubba. Á elstu deildunum er hvert máhljóð tekið fyrir í eina viku í senn, en á yngri deildunum er unnið með hvert máhljóð í tvær vikur, sem gefur börnunum nægan tíma til að kynnast hljóðinu vel, æfa það og festa í sessi. Unnið er með fjölbreytt verkefni og fer val á þeim eftir aldri, þroska og þörfum hvers barnahóps. Mikil áhersla er á að hafa máhljóðin sýnileg og lifandi í daglegu starfi. Foreldrar eru einni upplýstir um hvaða máhljóð er verið að vinna með hverju sinni, þannig að þeir geti stutt við málproska barna sinna heima fyrir.

LEIKSKÓLALÆSI

Í leikskólanum hefur verið unnið með leikskólalæsi seinustu ár. Hugmyndir og vinnulag er fengið úr þróunarverkefni sem leikskólinn Kiðagil á Akureyri vann. Markmið leikskólalæsis er að styrkja málvitund barnanna, veita skipulega málörvun, samþætta, lestur, ritun, tal og hlustun. Stuðla að markvissri og heildstæðri læsiskennslu frá byrjun leikskólagöngunnar. Læsi í leikskóla byggir á daglegum samskiptum og reynslu barna og

miðar að því að efla orðaforða, tjáningu, hlustun og áhuga á máli og ritmáli á barnvænan hátt.

Í leikskólanum hefur verið próað námsefni í tengslum við leikskólalæsi sem byggir á fjölbreyttum bókum úr bókasafni leikskólans. Námsefnið styður starfsmenn í að skipuleggja markvissar málörvunarstundir þar sem lestur valinna bóka er nýttur sem grunnur að fjölbreyttum verkefnum og umræðum. Dæmi um verkefni eru orðaforðaleikir þar sem unnið er með lykilorð úr sögunum, samræður- og spurningar til að dýpka skilning barnanna á efni bókanna, endursögn þar sem börnin fá tækifæri til að segja frá sögunni með eigin orðum og leikræn tjáning, svo sem hlutverkaleikir eða myndsköpun út frá efni bókarinnar. Einnig er unnið með hljóðkerfisvitund, til dæmis með því að finna rímorð eða upphafshljóð orða. Með þessu móti skapast fjölbreytt og skemmtileg tækifæri til að efla orðaforða, málskilning og áhuga barna á bókum og lestri á skipulagðan og markvissan hátt.



MÁLÖRVUNARSTUNDIR: LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Kennsluefnið Málörvunarstundir- Lengi býr að fyrstu gerð hefur þann tilgang að efla markvissa málörvun og valdefla starfsfólk leikskóla. Málörvunarstundirnar eru settar saman á fjölbreyttan hátt og hafa það að markmiði að efla málþroska. Unnið er með hljóðkerfisvitund, hljóðavitund, orðaforða og frásagnarhæfni. Einnig er hugað að því að efla félagsþroska með leikjum og fjölbreyttum spilum. Í leikskólanum er spjöldin notuð í málörvunarstundum og einnig hefur leikskólinn í samstarfi við leikskólann Andabæ búið til viðbót við spjöldin sem hefur þann tilgang að auka gæði málörvunarstundanna í leikskólanum og gera þær markvissari.



SJÓNÆNT SKIPULAG

Sjónrænt skipulag er aðferð sem styður börn í að skilja daglegt skipulag, væntingar og verkefni með hjálp mynda, tákna, lita eða einfaldra texta. Það veitir skýra yfirsýn, eykur öryggi og sjálfstæði barna og auðveldar þeim að taka virkan þátt í daglegu starfi. Sjónrænt skipulag er gagnlegt fyrir öll börn og sérstaklega þau sem þurfa aukinn stuðning við einbeitingu, samskipti eða breytingar.




Í leikskólanum er sjónrænt dagskipulag á öllum deildum sem að starfsfólk í samstarfi við börn sér um. Með því að gefa börnunum tækifæri til að taka þátt í uppsetningu og notkun skipulagsins fá þau betri yfirsýn yfir daginn og aukið öryggi. Allt starfsfólk leikskólans ber ábyrgð á að nýta dagskipulagið, skipuleggja og tryggja að það sé lifandi hluti af daglegum venjum. Þannig verður skipulagið eðlilegur þáttur af starfinu og styður við sjálfstæði, þátttöku og skilning barna á því sem fram undan er.

BÍNA BÁLREIÐA

Bína bálreiða styður börn í að þekkja, skilja og tjá tilfinningar sínar. Í gegnum sögur, samtal og leikrænar aðferðir læra börn að setja orð á tilfinningar, finna leiðir til að róa sig og leysa ágreining á jákvæðan hátt. Markmiðið með því að nota Bínu bálreiðu er að efla sjálfstjórn, félagsfærni og vellíðan barnanna. Boðskiptareglur Bínu eru notaðar í leikskólanum til þess að efla undirstöðuatriði boðskipta.



GEFÐU MÉR FIMMU



Gefðu mér fimmu hefur verið notað með eldri börnum leikskólans og hefur saman tilgang og boðskiptareglur Bínu. Börnin æfa sig í því að efla sjálfstjórn og félagsfærni sem eru lykilþættir í þroska og nýttast í samskiptum, leik og daglegu starfi.

TMT (TÁKN MEÐ TALI)

TMT (Tákn með tali) er samskiptaaðferð þar sem handtákn eru notuð samhliða töluðu máli til að styðja málþroska og samskipti barna. Aðferðin eykur skilning, dregur úr misskilningi og styrkir tjáningu, bæði hjá börnum sem eru að tileinka sér mál og þeim sem þurfa aukinn stuðning. TMT er gagnlegt fyrir öll börn. Í Klettaborg er unnið með tákn mánaðarins og vikunnar. Einnig fá börn sem á þurfa að halda TMT bók með orðum sem verið er að leggja inn í orðaforða þeirra hverju sinni.



fiskur
••

GEFÐU 10

Gefðu 10 er einföld aðferð sem stuðlar að auknu samtali og samskiptum við fjölotyngd börn. Með því að starfsfólk taki frumkvæði að stuttum, markvissum samskiptum daglega skapast jákvæð málörvun í leik og frjálsum aðstæðum. Aðferðin eykur þátttöku barna, styrkir málþroska og eflir tilfinningu þeirra fyrir að tilheyra barnahópnum. Aðferðin er sérstaklega notuð með börnum sem þurfa markvissan stuðning til að ná tókum á íslensku. Starfsmenn bera ábyrgð á að tryggja að ákveðin börn fái athygli og markviss samskipti í að minnsta kosti 10 mínútut á hverjum degi. Með skráningu er haldið utan um að starfsmenn séu meðvitaðir um þetta hlutverk sitt gagnvart ákveðnum börnum.



VINÁTTUVERKEFNIÐ BLÆR

Blær er vináttuverkefni Barnaheilla sem styður börn í að efla félagsfærni, samkennd og jákvæð samskipti. Í gegnum samtal, leik og sameiginleg verkefni læra börn að sýna tillitssemi, virðingu og hjálpssemi í samskiptum við aðra. Verkefnið leggur áherslu á að skapa öruggt umhverfi þar sem vinátta, vellíðan og félagsleg tengsl fá að blómstra.

Í leikskólanum fá öll börn bangsan Blæ þegar þau hefja dvöl, sem verður þeirra persónulegi félagi. Unnið er markvisst með samskiptaefnið sem fylgir verkefninu á öllum deildum leikskólans.



SÖNGUR OG ÞULUR

Söngur er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og styður við málþroska, félagsfærni og gleði barna. Í gegnum söng kynnast börn hrynjandi, hljóðum og nýjum orðum, efla hlustun og tjáningu og eiga sameiginlega jákvæða upplifun. Söngur er náttúruleg námsleið í leik, sem styrkir samkennd og stuðlar að vellíðan í daglegu starfi. Reglulegar söngstundir eru í leikskólanum, bæði inn á hverri deild fyrir sig og einnig þar sem allir koma saman í sal skólans.

Þulur eru einnig mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og styðja við málþroska barnanna. Í gegnum þulur læra börnin ný orð og hugtök, endurtekning og hrynjandi auðveldar börnum að muna og tileinka sér inntak þulanna. Þulur styrkja hljóðkerfisvitund barnana og hjálpar þeim að æfa framburð og málskilning. Oft er unnið með þulur í hópi og styrkir það samkennd og þátttöku barnanna.

FLOKKUN KENNSLUGAGNA

Í Klettaborg er málörvunarefni og efni tengt stærðfræði og félagsfærni flokkað með sérstökum hætti. Flokkarnir eru níu talsins og hafa hver sinn lit. Efniviðurinn sem flokkaður er getur fallið undur fleiri en einn flokk og nýst til þess að kenna og þjálfra marga þætti málþroska sem og aðra þætti í þroska. Flokkunin byggir á þróunarverkefni sem unnið var í Grundaskóla á Akranesi í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur og kemur fram í bókinni Snemmtækíhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur B. Snorradóttir o.fl., 2014).

Í leikskólanum heftur einnig verið útbúinn Padlet veggur sérstaklega fyrir hugmyndir og kynningu á málörvunarefni leikskólans. Þar geta starfsmenn með auðveldum hætti nálgast upplýsingar um efni leikskólans og nýtt sér það í starfinu. Padlet veggurinn er aðgengilegur í öllum tækjum leikskólans.

Flokkun kennslugagna

- **Orðaforði** - Er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu.
- **Málskilningur** – Skilningur á orðum og setningum tungumálsins.
- **Setningarfræði** – Er það hvernig orð raðast saman í setningum.
- **Málfræði** - Er safn reglna t.d. fleirtala, nútíð/pátíð, stigbreyting o.fl.
- **Hlustun** – Undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta. Þessi færni byggir á því að geta staldrað við og einbeitt sér að því að túlka umhverishljóð og talmál.
- **Heyrnarminni** – Byggir á færni til að geta geymt í minni og kallað fram heyrnrænt hljóðmynstur, bæði úr langtíma- og skammtímaminni. Þetta felur meðal annars í sér að geta endurtekið orð og farið eftir fyrir mælum.
- **Hljóðkerfisvitund** – Er undirstöðuþættir læsis, það er rím, klappa atkvæði í orðum, setja saman og taka í sundur orð, greina hljóð í orðum.
- **Stærðfræði** – Tölur, tölugildi, stærðir, form og flokkun.
- **Félagsfærni**- Segir til um hæfni til þess að eiga góð samskipti við aðra á jákvæðan og árangursríkan hátt.

ORÐAFORÐI

Þróun orðaforða hefur mikil áhrif á þróun málfræði og beyginga. Orðaforðinn er lykilli að fjölbreyttri tjáningu og skilningi á flóknum setningum, hvort sem þær eru í ræðu eða riti. Orðaforði er undirstaða þess að skilja það sem lesið er og tengist með sterkum hætti öllum þáttum læsis. Orðaforði sem börn tileinka sér þegar þau eru í leikskóla leggur grunninn að undirstöðum læsis, umskráningu stafa í hljóð og lesskilningi (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021)

Fram kemur hjá Ásthildi Bj. Snorradóttur o.fl. (2021) í tengslum við orðaforða að það að læra ný hugtök byggir á reynslu barns og skilningi þess á umhverfinu. Orðaforði þróast fyrst út frá barninu sjálfu, þar sem það lærir fyrst að þekkja heiti yfir helstu líkamshluta, nánustu fjölskyldu, tilfinningar og hluti úr nánasta umhverfi. Barnið safnar þeim hugtökum sem það þekkir í eins konar orðabanka sem er til taks þegar það þarf á þessum

orðum að halda. Orðabankinn byggir á ákveðinni flokkum hugtaka eftir sameiginlegum eiginleikum og einkennum.

MÁLSKILNINGUR

Málskilningur er hæfnin til þess að skilja tungumálið hvort sem það er talað mál eða ritað. Málskilningur felur meðal annars í sér að geta skilið orð og merkingu þeirra, áttað sig á setningum og því samhengi sem þær eru notaðar í, einnig að geta tengt nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu. Í fyrstu nota ung börn látbragð til þess að gera sig skiljanleg og reyna með því móti að fá þarfir sínar uppfylltar. Með auknum aldri fer barnið að skilja hvernig tungumálið er notað á fjölbreyttan hátt, bendingar minnka og það áttar sig á að bæði talað og ritað mál hefur merkingu og tilgang (Otto, 2010).

SETNINGAFRÆÐI

Skilningur á setningafræði skilar sér í réttri uppbyggingu setninga og skilningi á reglum sem stjórna því hvernig orð og orðasambönd raðast saman til að mynda merkingarbærar setningar. Setningarfræði snýst um að geta greint texta og tungumál, stýrir því hvernig orðum og setningum er raðað upp þannig að tungumálið verður skiljanlegt, hún hjálpa til við lestur, ritun og málskilning. Skilningur barna á því hvernig orð gefa til kynna merkingu er skylt þekkingu þeirra á því hvernig á að túlka eða skilja talað mál sem beinist að þeim. Þróun á notkun tungumálsins eykst með auknum aldri og skilningi á reglum þess (Otto, 2010).

MÁLFRÆÐI

Málfræði lýsir þeim reglum sem stjórna því hvernig orð, hljóð og setningar eru myndaðar og hvernig tungumálið er notað til þess að miðla merkingu. Málfræði skiptis niður í nokkra hluta sem gefa heildræna mynd af tungumálinu og skilgreinir kerfið sem tungumálið byggir á. Málfræði er í grunninn lýsing á því hvernig tungumálið er notað, hún hjálpar til með lestur og ritun, er lykilli í kennslu þar sem málfræðin gerir okkur kleift að skipuleggja og halda utan um þá þekkingu á tungumálinu sem þarf að tileinka sér til þess að ná góðum tókum á því.

HLUSTUN

Hlustun er ein af grunnstoðum málþroska. Barnið þarf að hlusta markvisst, túlka, geyma og nota upplýsingar sem það aflar í gegnum málumhverfið. Hlustun er ekki bara hluti af samskiptum og kennslu heldur nauðsynleg færni til þess að skilja og geta farið eftir

fyrirmælum. Getan til þess að hlusta og vera í samskiptum gegnir stóru hlutverki í hæfninni að geta lært (Otto, 2010). Hlustun er undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta. Þessi færni byggir á því að geta staldrað við og einbeitt sér að því að túlka umhverfishljóð og talmál (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021).

HEYRNARMINNI

Heyrnarminni sem einnig er fjallað um sem heyrnræn úrvinnsla er hæfileikinn til að muna upplýsingar sem berast í gegnum heyrn hvort sem um er að ræða orð, hljóð eða leiðbeiningar. Heyrnarminni byggir á færni til að geta geymt í minni og kallað fram heyrnrænt hljóðmynstur, bæði úr langtíma- og skammtímaminni. Gott heyrnaminni hjálpar til við að muna það sem sagt er, vinna úr löngum setningum og fylgja fyrirmælum. Einnig styður gott heyrnarminni við að börn tileinki sér orðaforða og málnotkun. Heyrnarminni tengist hljóðkerfisvitund og hæfninni til þess að ná tökum á lestri.

HLJÓÐKERFISVITUND

Hljóðkerfisvitund er hæfnin til þess að geta hugsað og talað um hljóðkerfi tungumálsins, gera sér grein fyrir því að hægt er að umskrá bókstafi í hljóð og að ritað mál hefur merkingu. Hugtakið nær yfir þá hæfni að skynja hljóð tungumálsins á meðvitaðan hátt (Otto, 2010). Þróun hljóðkerfisvitundar eru hluti af þroskaferlinu, börn sem hafa eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfið í því tungumáli sem þau læra fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með máhljóðin. Ferli þess að ná tökum á hljóðkerfi máls á sér stað yfir ákveðinn tíma og eru börnin virk í ferlinu. Börn yfirfæra þekkingu á máhljóðunum yfir á aðra þætti eins og undirbúning fyrir bókstafsþekkingu og lestrarnám. Mikilvægt er að vinna með nokkra þætti hljóðkerfisins í þeim tilgangi að efla hljóðavitund barna. Rím er einn af þessum þáttum og dregur hann athygli að samsetningu hljóða í orðum og byggir á samræmi í endingum orða og ljóðlína. Fyrsta hljóð í orði er þáttur sem að tengist því að gera sér grein fyrir að orð eru samsett úr smærri einingum sem kallast hljóð. Að æfa síðasta hljóð í orði hefur einnig þann tilgang að vekja athygli á því að orð eru samsett úr smærri einingum. Hljóðflokkun skerpir á færni til þess að flokka orð eftir upphafshljóði orðsins. Orðhlutaeyðing æfir færni í því að aðgreina ákveðna orðhluta í samsettum orðum. Það að sundurgreina orð í hljóð vísar til þeirra þekkingar að orð eru sett saman úr litlum einingum sem kallast máhljóð. Til þess að fá tilfinningu fyrir þessum þætti hljóðkerfisvitundarinnar eru orð brotin niður í hljóð. Með hljóðtengingu er átt við þá færni að geta hlustað og tengt stök hljóð saman í orð. Þannig eru hljóðakeðjur tengdar saman þangað til þær mynda orð sem hafa merkingu (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021).

STÆRÐFRÆÐI

Í leikskóla þróast undirstöðu þættir í stærðfræði sem leggja grunn að frekara námi. Stærðfræði er fyrir alla og mikilvægur þáttur sem þarf að vinna með í leikskóla. Þættir sem gott er að vinna með eru meðal annars tölur og talnaskilningur, mælingar, rúmfræði og mynstur. Leikskólabörn þurfa einnig að fá tækifæri til að vinna með einfaldan reikning og form. Þetta eru undirstöðuþættir stærðfræðinnar sem börn á leikskólaaldri þurfa að fá tækifæri til þess að vinna með.

FÉLAGSFÆRNI

Í leikskóla er unnið að því að styrkja og styðja við félagsfærni barna. Félagfærni snýst um skilning fólks á samskiptum og hæfni til þess að vera þáttakandi í þeim. Hæfni í samskiptum tengist félagsfærni og skiptir máli þegar unnið er að því að leysa ágreiningsmál, sýna hjálpsemi, finna til með öðrum, sýna samúð og samlíðan. Farsæl samskipti er grunnur að vellíðan og velgengni okkar í lífinu. Leikskólabörn læra í félagslegum aðstæðum og í samskiptum við jafnaldra, félag og fullorðna (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

TENGLI KENNSLUFRAÐILEGRA ÞÁTTA MÁLÖRVUNAR OG LÆSIS VIÐ DAGLEGAR ATHAFNIR

Töflurnar á næstu síðum sýna hvernig fræðilegir þættir sem tengjast málþroska og læsi birtast í daglegu starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að tengja kenningar um málörvun, orðaforða, hlustun, tjáningu og lestur við raunverulegar aðstæður sem börn upplifa bæði í leik og skipulögðum stundum. Til dæmis kemur fram hvernig samtöl í frjálsum leik, upplestur, söngvar og rím, auk þátttöku í daglegum athöfnum eins og matmálstímum og klæðnaði, stuðla að auknum málþroska. Einnig er bent á hvernig markviss notkun spurninga, endurorðun og hvatning til þátttöku styður við skilning og tjáningu barna. Með þessari nálgun er lögð áhersla á að læsi og málþroski þróast ekki einungis í skipulögðum kennslustundum heldur í öllum samskiptum og athöfnum dagsins. Þar gegnir starfsfólk lykilhlutverki við að skapa lærdómsríkt, örvasandi og styðjandi umhverfi

Dæmi um hvernig hægt er að flétta ólíka flokka kennsluefnis leikskólans beint eða óbeint inn í fastar stundir dagsins

Orðaforði

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Nefna og lýsa fatnaði:</p> <p>"Þú ert að fara í úlpuna, hún er hlý."</p> <p>Lýsa ferlinu:</p> <p>"Nú rennir þú upp rennilásnum, alveg upp í háls."</p> <p>Taka veðrið inn í samtalið:</p> <p>"Það er vindur úti. Við þurfum að vera í úlpu og með húfu."</p>	<p>Lýsa matnum:</p> <p>"Gulrótin er hörð. Paprikan er sæt og safarík."</p> <p>Hvetja til að nota ný orð:</p> <p>"Hvernig finnst þér súpan? Er hún heit, köld, mild, sterk?"</p> <p>Kenna hugtök um magn: "Þú fékkst litla skeið, viltu stóra?"</p>	<p>Í hlutverkaleik:</p> <p>"Ert þú kokkur – að elda mat? Hvaða áhöld þarftu að nota?"</p> <p>Í byggingarleik:</p> <p>"Þessi kubbur er hár og þunnur, þessi er lágur og breiður."</p> <p>Í samskiptum:</p> <p>"Hvernig getum við leyst vandann? Hvað finnst þér að við ættum að gera?"</p> <p>Útvíkka setningar:</p> <p>Barnið: "Bíll dettur." Fullorðinn: "Já, rauði bíllinn datt niður rennibrautina og stoppaði neðst."</p>	<p>Auka skilning með spurningum þegar lesið er:</p> <p>"Hvað heldur þú að gerist næst í sögunni?"</p> <p>Ný orð úr bókum eða sögum:</p> <p>"Í bókinni er talað um 'ævintýri'. Ævintýri er eitthvað óvænt og spennandi."</p> <p>Tengja við reynslu barnsins:</p> <p>"Í sögunni er stormur. Manstu þegar við heyrðum í rokinu/vindinum úti?"</p>	<p>Söngvar og þulur sem kynna ný orð:</p> <p>„Í laginu syngjum við lítill, miðlungs og stór – hvað er stórt hér inni?“</p> <p>Útskýra orð úr söngvum:</p> <p>„Í þulunni er sagt laumast – laumast þýðir að ganga hljóðlega.“</p> <p>Endurtekning í gegnum rím og hreyfingu:</p> <p>Orð og hugtök eru endurtekin í söngvum, þulum og leikjum sem styrkir orðaforða.</p>	<p>Taka eftir hlutum í náttúrunni:</p> <p>"Sjáðu grasið – það er grænt."</p> <p>Kenna hugtök um hreyfingu:</p> <p>"Þú hoppar hátt! Nú hleypur þú hratt. Getur þú gengið hægt?"</p> <p>Orð um veður:</p> <p>"Sólin skín skært í dag. Í gær var skjáð og rigning."</p> <p>Uppgötvun:</p> <p>"Hvað heitir þetta dýr sem þú fannst? Þetta er kónguló"</p>

Málskilningur

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Einföld tvískipt fyrirmæli „Settu húfunu á höfuðið og settu svo vettlingana á hendurnar.“</p> <p>Hugtök um staðsetningu „Jakinn hangir fyrir ofan skóna. Hvar eru skórnir þínir?“</p> <p>Orðaskilningur í samhengi „Geturðu fundið eitthvað sem er mjúkt?“ (barnið leitar að buffi eða húfu)</p> <p>Röðun og tímalýsingar „Fyrst förum við í buxurnar, síðan í peysuna.“</p>	<p>Spurningar sem kalla fram skilning „Hvaða ávöxt langar þig í: peruna eða eplið?“</p> <p>Lýsingar sem barnið á að sýna fram á að skilji „Geturðu rétt mér svarta smjörhnífinn?“</p> <p>Útskýra hugtök og athuga skilning „Súpan er heit. Hvað þýðir heit? Já, við þurfum að blása á hana áður en við borðum.“</p> <p>Nota algeng dagleg orð og fylgjast með svörum „Hvað gerum við áður en við borðum?“ (barnið svarar: „Þvöum hendurnar“)</p>	<p>Fyrirmæli til að fylgja í leik „Settu rauða kubbinn ofan á þann gula.“</p> <p>Skilningur á sögum í leik „Ef dúkkan er þreytt, hvað ættum við að gera</p> <p>Reglur útskýrðar með skilningsathugun „Í þessu leik borðum við fyrst og svo kubbum við. Hvað gerum við fyrst?“</p> <p>Leiðbeina við lausnaleit „Bíllinn kemst ekki í gegnum hliðið. Hvað getum við gert?“</p>	<p>Spurningar til að athuga skilning „Hvers vegna varð kötturinn hræddur í sögunni?“</p> <p>Skilningur á röð atburða „Hvað gerðist fyrst? Og hvað gerðist svo?“</p> <p>Orðskýringar með endurtekningu „Í sögunni var sagt að strákurinn væri forvitinn. Hvað þýðir að vera forvitinn?“</p>	<p>Spurningar tengdar söng og þulum: „Hvað gerðum við þegar við sungum ‘klappa, stappa’?“</p> <p>Fylgja fyrirmælum í söng: „Settu hendurnar á höfuðið og snúðu þér í hring.“</p> <p>Skilningur á röð: „Fyrst syngjum við, síðan segjum við þulu og loks leikum við leik.“</p>	<p>Fyrirmæli: „Hoppaðu yfir steininn.“ „Finndu tré sem er hátt.“</p> <p>Fylgja fyrirmælum: „Leitaðu að einhverju grænu, brúnu, gulu, rauðu. Hvað fannstu?“</p> <p>Skilningur á samanburði „Hvort er þessi steinn þungur eða léttur, hvor er léttari, þyngri?“</p> <p>Hlusta eftir hljóði: „Hvernig hljóð heyrir þú?“ (barnið hlustar og segir fugl, vind o.s.frv.)</p>

Setningafræði

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Börn mynda setningar: „Ég er að fara í rauða peysu.“</p> <p>Lýsingarorð – velja flík og lýsa með tveimur orðum: „Stóra bláa úlpan.“</p> <p>Merkingartengingar – „Af hverju þurfum við húfu?“ → „Til að...“ setningar.</p> <p>Raunveruleg tímaröð – „Fyrst fer ég í... svo... loks...“.</p>	<p>Segðu hvað þú gerir“ – „Ég helli mjólk. Ég smyr brauðið.“</p> <p>Lýsa mat: „Súpan er heit og sterk.“</p> <p>Setningaviðauki – fullorðinn byrjar setningu: „Ég borða...“ og barnið klárar.</p> <p>Spurningar og svör – „Hvað finnst þér gott? Af hverju?“</p>	<p>Hlutverkaleikir – æfa „ég segi–þú segir“ í búðarleik, læknaleik o.fl.</p> <p>Mynda lengri setningar með leikföngum: „Billinn keyrir undir borðið.“</p> <p>Sjónrænar vísbendingar – börn velja mynd og segja setningu með sögn, lýsingarorði eða staðsetningarorði.</p> <p>Sögugerð í leik – börnin byggja sögu í 1–2–3 skrefum.</p>	<p>Lýsa: hvað er að gerast og hvað gerist næst: „Núna ætlum við að syngja. Svo ætlum við að dansa“</p> <p>Lengja setningar – Kennari segir stutta setningu og börnin bæta við orði.</p> <p>„Hver er þetta?“ – lýsa hlut eða dýri með 2–3 setningum.</p>	<p>Endurtaka og lengja setningar úr söngvum: „Ég hoppa!“ → „Ég hoppa hátt.“</p> <p>Kalla–svara söngvar: Fullorðinn byrjar setningu og börnin klára í söng eða tali.</p> <p>Lýsa þátttöku: „Ég syng hátt.“ „Ég klappa hægt.“</p>	<p>Afstæðuhugtök – „Ég hoppa yfir“, „Ég hleyp í kringum“, „Ég fer undir“.</p> <p>Skynjun og umhverfi – „Ég sé...“, „Ég heyri...“, „Ég finn...“.</p> <p>Leiðbeiningaleikur – börn gefa öðrum leiðbeiningar: „Farðu að rólunni og snúðu til vinstri.“</p> <p>Náttúruskoðun – lýsa fyrirbærum: „Laufið er grænt og mjúkt, steininn er grár og harður.“</p>

Málfræði

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Bera saman eintölu og fleirtölu: „Ein peysa – tvær peysur.“</p> <p>Lýsa fatnaði með réttu kyni og falli: „Hér er rauður bolur“ / „Ég ætla í rauða peysu.“</p> <p>Sagnaæfingar: „Ég klæði mig / þú klæðir þig / hún klæðir sig.“</p> <p>Lýsingarorð: „Stór jakki → mjög stór jakki“ eða „stór jakki“.</p>	<p>Sagnbeygingar við matarborð: „Ég borða – þú borðar – við borðum.“</p> <p>Orðflokkar í raunveruleikanum: velja nafnorð (matur), sagnorð (borða), lýsingarorð (gott, djúpur, kaldur).</p> <p>Fornöfn: „Ég ætla að fá mér brauð – geturðu rétt mér?“</p> <p>Setningagerð: búa til setningar með „af því að...“.</p>	<p>Nafnorð og lýsingarorð parað saman: finna hlut og bæta við lýsingu („bíll“ → „hraður bíll“).</p> <p>Afstöðuhugtök: „Bíllinn er undir, ofan á, við hliðina á.“</p> <p>Sagnbeygingar með leikföngum: „Dúkkann fer / fór / er að fara.“</p> <p>Spurningar og svör með réttu málfræði: „Hver er þetta? Hvað er hann að gera?“</p>	<p>Orðflokkar: Nafnorð Kennari nefndir hluti á borðinu: „Þetta er diskur, glas, skeið.“ Börnin mega bæta við: „Ég sé líka ...“</p> <p>Sagnorð: Fullorðinn spyr: „Hvað ertu að gera?“ Börnin svara með sagnorðum: borða, drekka, skera, smyrja</p> <p>Lýsingarorð: Börnin lýsa matnum: heitur / kaldur mjúkur / harður sætur / súr</p> <p>Forsetningar: Spurningar eins og: „Hvar er glasið?“ – „Á borðinu.“ – „Við hliðina á disknum.“</p> <p>Nafnorð: Eintala og fleirtala</p>	<p>Sagnorð í nútíð með hreyfingu: „Ég klappa – ég stappa – ég sný mér.“</p> <p>Eintala og fleirtala í söng: „Einn fíll – tveir fílar.“</p> <p>Lýsingarorð í takt við tónlist: „Lagið er hægt.“ „Lagið er hratt.“</p>	<p>Tíðarsetningar við hreyfingu: „Ég hoppa – ég hoppaði – ég mun hoppa.“</p> <p>Nafnorð í umhverfinu: nefna hluti og finna lýsingarorð með réttu falli: „Stór steinn“, „grænt gras“.</p> <p>Boðháttur við leik: „Hlauptu! Stattu! Komdu!“</p>

			<p>„Ein gulrót – tvær gulrætur.“ „Einn diskur – margir diskar.“</p> <p>Setningagerð / samsett mál Barn segir: „Mig brauð.“ Fullorðinn endurtekur: „Þig langar í brauð.“</p> <p>Tímaorð „Við borðum núna.“ „Við lékum úti áðan.“ „Við förum í hvíld á eftir.“</p> <p>Tímabeyging sagna í sögu: „Hvað gerðist? Hvað gerist núna?“</p> <p>Samræmi í kyni/tölu: „Einn fugl – tveir fuglar“, „fallegur fugl – fallegir fuglar“.</p>		
--	--	--	---	--	--

Hlustun

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Fara eftir fyrirmælum: „Finndu skóna og settu þá undir bekkinn.“</p> <p>Hlusta eftir upphafshljóði: „Hvaða flík byrjar á /s/?“</p> <p>Einföld fyrirmæli í tveimur skrefum: „Settu sokkana í körfuna og peysuna á hilluna.“</p>	<p>Hlusta og fylgja eftir fyrirmælum: „Réttu mér glasið sem er næst þér.“</p> <p>Hlustunarleikur: hlusta eftir orðum í sögu („lyftu hendi þegar þú heyrir orðið matur“).</p> <p>Samtalshlustun: bíða eftir röð og endurtaka það sem næsti sagði („Hvað sagðir þú? Ég heyrði að...“).</p> <p>Hlusta eftir hljóðum í umhverfinu: „Hvað heyrir þú núna?“</p>	<p>Hljóðaleikir: hlusta eftir mismunandi hljóðum í leikföngum (bíll, tromma, kubbar) og þekkja hvað er hvað.</p> <p>„Simon segir“ – æfa nákvæma hlustun á sögnum og fyrirmælum.</p> <p>Hlustunarsögur: fullorðinn segir stutta sögu og börn fylgjast með hlutum eða hreyfingum.</p> <p>Ég heyri–þú gerir: „Þegar þú heyrir bjöllu, hoppaðu einu sinni.“</p>	<p>Kennari spyr spurninga eftir sögulestur: „Hver sagði þetta? Hvað gerðist fyrst?“ Kennari spyr yngstu börnin út úr sögu: börnin hlusta og benda á rétta mynd eða hlut.</p> <p>Hljóðamynstur: (klappa/stappa) og börn endurtaka.</p> <p>„Hlustaðu og finndu“ – fullorðinn lýsir einhverju og börnin hlusta til að finna hvað er verið að tala um.</p>	<p>Hlustunarleikur í samveru: „Stattu upp þegar þú heyrir nafnið þitt í laginu.“</p> <p>Bíða eftir röð: Hlusta á aðra syngja eða segja þulu og taka síðan við.</p>	<p>Hlustun eftir hljóðum í náttúrunni: „Í hverju heyrir þú? ? Flugu fuglum, Bílum?“</p> <p>Hlustunarleiðbeiningar í leik: „Farðu í kringum tréð og láttu mig svo vita.“</p> <p>Hlaupa eftir hljóðum: börn fylgja hljóði (t.d. bjöllu) og finna hvar það er.</p> <p>Hljóðrannsókn: hlusta á hljóð í sandi, snjó, gras eða vatni og lýsa muninum.</p>

Heyrnarminni

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Fylgja röð í 2–3 skrefum: „Taktu jakkann, hengdu hann á snagann og settu skóna í hilluna.“</p> <p>Endurtaka fatalista eftir hlustun: „Húfa – vettlingar – peysa.“</p> <p>Hlusta og endurtaka: kennari segir 2–3 orð og barnið á að endurtaka aftur í rétttri röð.</p> <p>Finna fót eftir munnlegum vísbendingum: „Finndu flík sem er mjúk, blá og fer á höfuðið.“</p>	<p>Matarlista-minningar: „Ég segi þrjá matartegundir – þú endurtekur.“</p> <p>Fylgja fyrirmælum í röð: „Taktu diskinn, settu brauðið á hann og réttu mér smjórið.“</p> <p>Stutt saga með spurningum: hlusta á örsögu og muna þrjár staðreyndir.</p> <p>„Hlustaðu og endurtaktu“ – setningar í einfaldaðri lengingu: „Ég helli mjólk... ég helli mjólk í glas og set brauð á disk...“</p>	<p>Hljóðaraðir: fullorðinn býr til hljóðamynstur (tromma–klapp–stapp) og börn endurtaka í rétttri röð.</p> <p>Örsögur: Kennari les stutta sögu og spyr svo börnin út úr sögunni.</p> <p>Minnisröð leikfanga: „Bill – kubbur – dúkka“ → barnið sækir í rétttri röð. „Ég fór í búðina og keypti...“</p>	<p>Hlusta og endurtaka: börn endurtaka lengri og lengri setningar eftir kennara.</p> <p>Muna atriði úr sögu: „Hvað gerðist fyrst, svo, loks?“</p> <p>Minnisröð með myndum sem eru síðan teknar burt og rifjaðar upp í orðum.</p> <p>Hlustunarspurningar með minnisálagi: „Hver sagði hvað?“ „Hvaða þrjú dýr komu fyrir?“</p>	<p>Endurtaka þulur og texta: Börnin muna og segja rím og endurteknar línur úr söngvum.</p> <p>Minnast röð hreyfinga í söng: „Klappa – stappa – snúa.“</p> <p>Hlusta og herma: Fullorðinn syngur eða segir þulu, börnin endurtaka.</p>	<p>Fylgja fyrirmælum: „Farðu að rólunni, snertu gulan bolta og komdu til baka.“</p> <p>Munnleg fyrirmæli: börnin fá munnleg fyrirmæli af hlutum sem þau eiga að finna í náttúrunni.</p>

Hljóðkerfisvitund

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Rím: segja orð og barnið finnur flík sem rímar (rokkur-sokkur).</p> <p>Upphafshljóð: „Hvaða flík byrjar á /h/?“ → húfa, hanski.</p> <p>Samstöfur: klappa atkvæði í flíkum (pe-y-sa, jak-ki).</p> <p>Hlusta eftir fyrsta hljóði: velja orð og nefna síðasta hljóð (sokkur → /r/).</p>	<p>Rím í matartegundum: brauð–rauð, mjólk–bólk (leikrænt rím).</p> <p>Samstöfur: klappa matartegundum (kökur, ba-na-ni).</p> <p>Upphafshljóð: „Hvaða matur byrjar á /m/?“</p> <p>Hlusta eftir endahljóði: „Hvaða hljóð heyrir aftast í ‘súpa’? /a/?“</p>	<p>Rím-leikur: para saman rímorð með leikföngum (bíll–fíll, diskur–fiskur).</p> <p>Hljóðgreining í hreyfingu: hoppa þegar hljóðið A- G – R kemur fyrir.</p> <p>Eyða hljóði: „Segðu ‘bolti’ án /b/“ → „olti“.</p> <p>Samtenging hljóða: fullorðinn segir /s/–/ó/–/U, barnið segir „sól“.</p>	<p>Rímhringur: hvert barn segir orð sem rímar við fyrri.</p> <p>Samstöfur/Atkvæðaleikur: „Hvaða orð eru með 1, 2 eða 3 atkvæði?“</p> <p>Hljóðaleit í sögustund: „Láttu mig vita þegar þú heyrir orð sem byrjar á /f/.“</p> <p>Sundurgreining: brjóta orð upp í hljóð eða atkvæði og setja saman aftur.</p>	<p>Rím í söngvum og pulum: „Köttur – björn – löttur“ (finna hvað rímar).</p> <p>Upphafshljóð: „Hvaða orð í laginu byrja á /s/?“</p> <p>Samstöfur: Klappa atkvæði í nöfnum barna eða orðum úr söng.</p>	<p>Rím í náttúrunni: finna hluti sem passa við rím (steinn–hreinn).</p> <p>Finna hlut sem byrjar á t.d.: /A/, /B/, /F/, /G/.</p> <p>Samstöfur: telja atkvæði í hlutum úti (tré–1, ról–a–2).</p>

Stærðfræði

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Telja flíkur: „Hversu margar flíkur áttu eftir?“</p> <p>Stærðarsamanburður: „Hvor er stærri – jakki eða peysa?“</p> <p>Flokkun eftir eiginleikum: litur, efni, notkun (úti/inni).</p> <p>Raða í röð: frá litlum til stórra (húfur, skór).</p>	<p>Telja: glös, diska, brauðsneiðar.</p> <p>Hlutar og heildir: „Hvað gerist ef við skerum eplið í tvennt?“</p> <p>Hugtök: meiri/minni, jafn mikið.</p> <p>Form: finna hringlaga, ferkantaða eða aflanga hluti.</p>	<p>Byggja með kubbum: telja kubba, gera mynstur, bera saman hæð turna.</p> <p>Flokka leikföng eftir lit, stærð, formi.</p> <p>Talnaleikir: „Finndu 3 rauða kubba“ eða „Settu 2 dýr í húsið“.</p> <p>Afstöðuhugtök: ofan á, við hliðina, inni, undir.</p>	<p>Töluglugginn: velja „tölu dagsins“ og finna hluti sem passa við hana.</p> <p>Tölusögur: „Ef 5 fuglar voru á grein og 1 flýgur burt...?“</p> <p>Orðaröð og tímahugmyndir: fyrst–síðan–loksins.</p>	<p>Taktur og mynstur: Klappað–stappað í endurteknum mynstrum.</p> <p>Talning í söngvum: „Einn, tveir og þrír...“</p> <p>Hugtök um hraða og magn: „Syngjum hraðar – syngjum hægar.“</p>	<p>Telja skref, rólutíma, steina eða laufblöð.</p> <p>Stærð og samanburður: bera saman lengd greinanna eða stærð, þyngd steina.</p> <p>Finna form í umhverfinu: hringur, þríhyrningur, ferhyrningur á leikvellingum.</p> <p>Stærðfræði: hoppa í mynstur, hlaupa ákveðinn fjölda skrefa.</p>

Félagsfærni

Í fataklefa	Við matarborð	Í leik	Í hádegisstund	Í samverustund	Í útiveru
<p>Æfa bið og röð – „Nú er röðin þín, ég bíð.“</p> <p>Hjálpa öðrum: bjóða vini aðstoð við rennilás eða vettling.</p> <p>Nota kurteis orð: „Má ég fara út?“, „Takk fyrir að bíða.“</p> <p>Tilfinningar: spyrja „Hvernig líður þér?“ þegar eitthvað gengur erfiðlega.</p>	<p>Stutt samræðuregla: hlusta–tala–hlusta.</p> <p>Æfa kurteisi: „Geturðu rétt mér...?“, „Takk.“</p> <p>Sýna umhyggju: spyrja „Viltu meira?“ eða bjóða öðrum fyrst.</p>	<p>Leysa úr ágreiningi: æfa setningar eins og „Við getum fundið lausn“ eða „Getum við skipt?“</p> <p>Samvinnuleikir: byggja sameiginlega, raða saman, sinna sameiginlegu verkefni.</p> <p>Að biðja um að fá að vera með: „Má ég leika með ykkur?“ og æfa svörin.</p>	<p>Hlustunarvist: æfa að hlusta á aðra tala og bíða eftir að koma að.</p> <p>Tilfinningahringur: ræða hvernig börnum líður og nefna ástæður.</p> <p>Samræðulota: „Hvað gerðir þú?“ og hin börnin spyrja einfaldrar spurningar.</p> <p>Umhyggjurödd: æfa að segja góð orð um aðra („Ég sé að...“, „Þú ert góður vinur þegar...“).</p>	<p>Sameiginleg þátttaka: Syngja og segja þulur saman í hóp.</p> <p>Samvinna og gleði: Upplifa samveru, gleði og öryggi í sameiginlegri stund.</p>	<p>Samvinnuhreyfingar: vinna saman í pörum eða hóp (draga sleða, byggja sandkastala).</p> <p>Leysa ágreining úti: komast að sameiginlegri niðurstöðu, hvað getum við gert til að öllum líði vel.</p> <p>Að taka tillit: nota orð eins og „Varstu hér fyrst?“</p> <p>Bjóða fram aðstoð: Hjálpa vini að komast upp á stóra rörið, aðstoða yngstu börnin í fataherberginu eftir útiveru.</p>

STOÐÞJÓNUSTA

Í leikskólanum er lögð áhersla á inngildinguna, að öll börn í leikskólanum séu metin að verðleikum, fái jöfn tækifæri og geti verið þátttakendur í öllu leikskólalífinu. Starfshættir leikskólans eru þannig skipulagðir að öll börn geti tekið þátt og að þau finni fyrir öryggi. Leikskólalífið styður við öll börn í samræmi við þarfir þeirra. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu og stuðnings ásamt leikskólalára. Einnig veitir hann kennurum og leiðbeinendum faglega ráðgjöf og vinnur í nánun samstarfi með foreldrum barna sem njóta sérkennslu. Unnið er í anda snemmtækra íhlutunar þar sem lögð er áhersla á að nota viðurkenndar aðferðir sem miða að því að styðja sem best við börnin og efla og styðja þroska- og námsframvindu þeirra. Unnið er út frá styrkleikum barnanna með það að markmiði að efla og styrkja sjálfstraust og trú á eigin getu. Áhersla er á að stuðningur við börn fari fram í daglegu starfi þar sem þau læra best í gegnum leik og samstarf við önnur börn. Stuðningur við börnin tekur alltaf mið af þörfum þeirra og er hann útfærður með þeim hætti að hann gagnist barninu sem best. Einstaklingsnámskrá og markmið sem sett eru fyrir hvert barn eru unnin í samráði við foreldra.

MÁLÞROSKI – SKIMANIR OG SKRÁNINGAR

Í leikskólum Borgarbyggðar er fylgst vel með þroska og líðan barnanna sem þar dvelja. Það er m.a. gert með það að markmiði að hægt sé að mæta þörfum þeirra sem best og grípa inn í með viðeigandi íhlutun um leið og þörf er á. Fylgst er með þróun málþroska hjá öllum börnunum og er það gert með reglulegum skimunum og skráningum.

Reglubundnar skimanir og skráningar

TRAS – 2-5 ÁRA



TRAS-skráningalistinn er fylltur út á sex mánaða fresti fyrir öll börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Það er gert í þeim tilgangi að fylgjast með félags- og málþroska þeirra þannig að hægt sé að veita fyrirbyggjandi og viðeigandi íhlutun þegar þess er þörf. Þegar útfylling gefur vísbendingar um að þroski barns sé ekki aldursvarandi er staða þess kortlögð og aðgerðaráætlun gerð í kjölfarið.

LANIS - 2,9 ÁRA



Í LANIS-skimunarlistanum er skimað fyrir frávikum í tal- og málþroska barna á aldrinum 2,9-3,9 ára. Í leikskólunum í Borgarbyggð er miðað við að listinn sé fylltur út fyrir öll börn þegar þau verða 2,9 ára. Niðurstöður falla innan þriggja viðmiða:

- Ljós fjóublár (41-100%) – barn er í og yfir meðallagi, vísbendingar um að málþroski sé innan eðlilegra marka.
- Fjóublár (16-40%) – barn er undir meðallagi, vísbendingar um að þörf sé á að fylgjast með málþroska. Íhlutun er skipulögð út frá niðurstöðum ef þurfa þykir og fylgst með framförum.
- Dökkfjóublár (1-15%) – barn er í áhættu, þörf er á skipulagðri íhlutun. Þegar niðurstöður falla innan þessa viðmiðs er ætlast til að leikskólarnir útbúi aðgerðaráætlun út frá niðurstöðunum, í samráði við forsjáradila. Í aðgerðaráætluninni eru sett fram markmið sem stefnt er að og leiðir sem fara á til þess að ná þeim markmiðum. Miðað er við að aðgerðaráætlunin gildi í 6-8 vikur og að þeim tíma liðnum fari fram endurmat. Ef framfarir hafa orðið þá eru ný markmið sett í stað þeirra sem náðst hafa. Ef ekki hafa orðið viðunandi framfarir þá er óskað eftir aðkomu talmeinafræðings. Íhlutun, sem skipulögð er út frá niðurstöðum listans, er veitt á meðan beðið er.

HLJÓM-2 – ELSTI ÁRGANGURINN

HLJÓM



HLJÓM-2 prófið er lagt fyrir allan elsta árgang leikskólanna í september/október ár hvert. Prófið kannar mál- og hljóðkerfisvitund og er talið hafa forspárgildi um það hvernig börnum á eftir að ganga að læra að lesa. Niðurstöður eru reiknaðar út frá nákvæmum aldri barns og gefa til kynna *góða færni*, *meðalfærni*, *slaka færni* eða *mjög slaka færni*. Ef barn kemur út með *slaka* eða *mjög slaka færni* þarf að skoða nánar hvað liggur að baki og skipuleggja aðgerðaráætlun út frá því. Þegar það er gert er mikilvægt að skoða fyrirbyggjandi gögn um barnið (s.s. TRAS útfyllingu og niðurstöður úr LANIS) sem geta varpað frekari ljósi á málþroska þess. Í aðgerðaráætluninni þurfa að koma fram markmið sem stefnt er að og leiðir sem fara á til þess að ná þeim markmiðum. Miðað er við að aðgerðaráætlunin gildi í 10-12 vikur (fram í janúar) og að þeim tíma liðnum sé HLJÓM-2 lagt aftur fyrir. Ef

niðurstöður gefa til kynna *slaka* eða *mjög slaka færni* í seinni fyrirlögn er óskað eftir aðkomu talmeinafræðings.

Forsjáraðilum eru kynntar niðurstöður úr HLJÓM-2. Þegar niðurstöður gefa til kynna *slaka* eða *mjög slaka færni* þá eru þeir fengnir til samvinnu við að örva mál- og hljóðkerfisvitund barnanna. Niðurstöðum er einnig skilað til grunnskólanna þannig að hægt verði að nýta þær við að sníða lestrarkennslu barnanna sem best að þörfum þeirra.


AÐRAR SKIMANIR OG SKRÁNINGAR

Þegar grunur vaknar um að þroski barna sé ekki aldursvarandi og ástæða þykir til frekari kortlagningar á stöðu þeirra styðjast leikskólarnir í Borgarbyggð m.a. við eftirfarandi skimunar- og skráningarlista:

- *Smábarnalistinn* - honum er ætlað að meta mál- og hreyfiproska 15–38 mánaða barna.
- *Íslenski þroskalistinn* – honum er ætlað að meta mál- og hreyfiproska þriggja til sex ára barna.
- *Orðaskil* – er málþroskapróf sem er ætlað til notkunar fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófið mælir orðaforða barna, færni þeirra í setningagerð og hversu gott vald þau hafa á beygingum í íslensku miðað við jafnaldra.
- *EFI-2* - er málþroskaskimun sem er ætlað að finna börn, á fjórða aldursári, sem víkja frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu.
- *Gerd Strand* - er sem matslisti getur gefið vísbendingar um að þörf sé á frekari athugun á þroska 4 ára barna. Í honum er horft til gróf- og fínhreyfinga, hegðunar, máls og tals, virkni, samskipta og þekkingar.
- *AEPS færnimiðað matskerfi* – gefur til kynna færni barna í fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. AEPS – matskerfið er hagnýtt og nýtist við gerð einstaklingsáætlana.
- *Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* – hæfnirammarnir auðvelda mat á stöðu og framförum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku. Þar er horft til tjáningarfærni, hlustunarskilnings, hljóðkerfisvitundar og læsis.

Ferli mála innan leikskóla þegar þörf er á aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga að málum barns - snemmtæk íhlutun

Markmið leikskóla er meðal annars að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra. Ef hlúa þarf sérstaklega að ákveðnum þáttum varðandi þroska, líðan eða hegðun barns gera starfsmenn leikskóla það í samstarfi við foreldra.



Leikskólarnir í Borgarbyggð starfa eftir ákveðnu ferli þegar þörf er talin á aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga:

Áður en beiðni um málþroskamát er send til talmeinafræðings er gert ráð fyrir að hugað hafi verið að eftirfarandi þáttum:

- Málþroski barns hafi verið kortlagður, m.a. með ofantöldum skimunar- og skráningarlistum.
- Barn hafi farið í heyrnarmælingu.
- Aðgerðaráætlun hafi verið gerð út frá niðurstöðum skimana og skráninga í samráði við forsjáraðila.
- Unnið hafi verið markvisst út frá aðgerðaráætlun í a.m.k. 6-8 vikur án viðunandi framfara.
- Barn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hafi verið í íslensku málumhverfi í a.m.k. 3 ár.
- Hugað hafi verið að því að börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hafi fengið ríkulegt íslensku ílag.

Þegar barn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er ekki með aldurssvarandi færni í heimamáli er hægt að óska eftir ráðleggingum frá talmeinafræðingi.

Samstarfsaðilar leikskóla gegna lykilhlutverki í að styðja við heildrænan þroska og velferð barna. Þar má nefna foreldra, grunnskóla, heilsugæslu, sérfræðinga og aðra aðila í nærumhverfi barnsins. Með virku og markvissu samstarfi skapast samhengi og samfella í þjónustu við barnið þar sem þarfir þess eru í forgrunni.

Mikilvægi samstarfs felst meðal annars í því að tryggja snemmtæka íhlutun, samræmda sýn og skilvirkari nýtingu úrræða. Þegar fagfólk vinnur saman að sameiginlegum markmiðum aukast líkur á að brugðist sé tímanlega við þörfum barna og að stuðningur verði markviss og árangursríkur. Jafnframt stuðlar gott samstarf að betri upplýsingaflæði, auknu trausti og virkari þátttöku foreldra í námi og þroska barna sinna.

Þannig er samstarf ekki aðeins mikilvægur þáttur í daglegu starfi leikskólans heldur grundvöllur þess að skapa öruggt, styðjandi og lærdómsríkt umhverfi þar sem hvert barn fær tækifæri til að blómstra.

FORELDRASAMSTARF


Samstarf við foreldra er lykill að farsælli skólagöngu leikskólabarna. Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinninn að samstarfi á milli foreldra og leikskóla. Þá gefst foreldrum kostur á að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans. Starfsfólk leikskólans fær tækifæri til þess að kynnast foreldrum og barni og það fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhuga. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar og þeir einstaklingar sem þekkja barnið best og þarfir þess.

Starfsfólk leikskólans er í daglegum samskiptum við foreldra og leitast er við að miðla upplýsingum sem varða börnin á sem fjölbreyttastan hátt. Skilaboðatöflur í fataklefa eru nýttar til að koma upplýsingum á framfæri, myndaskjáiir sem einnig eru staðsettir í fataklefum gefa góða mynd af starfi leikskólans og því sem börnin hafa fyrir stafni. Vikulega fara fréttaskot frá deildunum til foreldra með upplýsingum um liðna viku og fjallað er um það helsta sem er á döfinni í þeirri næstu. Viðburðir eru gjarnan auglýstir í gegnum Karellen appið sem nýtt er til samskipta og skráninga í leikskólanum. Instagram leikskólans er notað til þess að koma á framfæri faglegu starfi sem fram fer með börnunum á hverjum degi. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þurfa þykir. Foreldraviðtöl taka mið af TRAS skráningu og eru tímasett í tengslum við hana. Starfandi eru teymi í kringum börn í leikskólanum sem þurfa einstaklingsbundinn og markvissan stuðning. Teymið hittist eins oft og því þykir þurfa. Sett eru niður markmið í einstaklingsnámskrá og fundnar leiðir til þess að ná þeim markmiðum. Teymið starfa þétt saman í þeim tilgangi að tryggja velferð barnanna.

Í Klettaborg er löng hefð fyrir því að leggja áherslu á mikilvægi lesturs fyrir börn. Guðbjörg Hjaltadóttir leikskólakennari útbjó bækling fyrir foreldra þar sem fjallað er um lykilþætti í lestrarpróun og eru foreldrar hvattir til þess að gefa sér tíma til þess að lesa fyrir börnin sín. Rannsóknir hafa sýnt fram á að lestur bóka fyrir börn leggur grunn að árangri þeirra í námi síðar á lífsleiðinni.



Leikskólinn Klettaborg
Borgarnes



Kæru foreldrar

Mikilvægi lesturs fyrir barnið þitt
Með því mikilvægasta sem þú getur gert fyrir barnið þitt er að lesa daglega fyrir það. Með því að lesa ert þú að auka líkurnar á því að lestrarnám þess verði farsælt.

Með lestrinum ertu að efla orðaförða og málskönnun barnsins og það lærir heimskúð um samtöl og málleg samskipti. Ekki má gleyma því hvað lesturinn veitir einnig mikla skemmtun.

Ríkuleg málleg samskipti á heimilinu og lestur fyrir börn veiga þynnst þegar horft er til velgengni í náms síðar meir.



Hvað getum við gert til að undirbúa barnið undir lestrarnám?

- Hlusta á börnin og tala við þau
- Lesa daglega fyrir þau þekur sem innihalda litríkt mál og góðan orðaförða
- Lesa sömu bókina aftur og aftur því með endurtekningunni skilja þau söguna betur og beta við orðum í orðaförða sinn
- Ræða og útskýra lesefnið jöfrum höndum
- Spyrja spurninga og fá þau til að álykta um framhald sögunnar m.a. til að skapa eftirvæntingu og þá eru þau meiri þátttakendur í sögunni
- Sýngja og kenna þeim rím, vísur og þulur
- Hvetja þau til að segja frá atburðum og sögum
- Muna að hrós og hvatning er grunnur að námsáhuga og námsgæði



(Sýnishorn úr bæklingnum Lestur er lífsgæði sem Guðbjörgu Hjaltadóttur vann)

SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Fram kemur í aðalnámskrá leikskóla (2011/2023) að skólaganga barna eigi að mynda samfellda heild með það að markmiði að fyrra nám barnanna nýtist þeim á næsta skólastigi. Það er mikilvægt að nám í grunnskóla byggji á fyrri reynslu og námi barna til þess að skapa öryggi og ný námstækifæri. Viðfangsefni og þekking sem hefur skapast í leikskólanum á að vera grunnur að því sem grunnskólanámið byggir á. Undirbúningur flutnings úr leikskóla í grunnskóla er mikilvægur þáttur þess að byrjun grunnskólagöngunnar verði farsæl. Lagt er upp með að gefa börnum tækifæri á því að kynnast starfsemi grunnskólans þegar þau eru enn í leikskóla og síðan að halda tengslum við leikskólann eftir að þau fara í grunnskóla.

Þær upplýsingar sem liggja fyrir um leikskólabörnin að lokinni leikskólagöngu og teljast nauðsynlegar fyrir velferð og þroska fylgja barninu í grunnskólann. Í tengslum við vinnslu upplýsinganna að vori eru foreldrar barnanna virkir þátttakendur í því að meta hvaða gögn teljast nauðsynleg vegna flutnings og koma að því að miðla upplýsingum sem þeim þykir veigamiklar við þessi tímamót. Foreldrar eiga rétt á vitneskju um öll gögn sem fara á milli stofnananna og eru vel upplýstir í ferlinu.

SAMSTARF KLETTABORGAR VIÐ GRUNNSKÓLANN Í BORGARNESI OG FRÍSTUNDAHEIMILIÐ BORGARSEL

Gott samstarf er við Grunnskólann í Borgarnesi og frístundaheimilið Borgarsel. Farið er eftir heildstæðri áætlun sem unnin var í þeim tilgangi að gera samstarfið markvissara og skýrara. Í áætluninni kemur fram hvernig samstarfinu er háttað yfir veturinn og hvaða viðburðir og fundir fara fram. Elstu börn leikskólans fara í skipulagðar heimsóknir í grunnskólann yfir veturinn, haldinn er sameiginlegur fundur leikskólanna í Borgarnesi og grunnskólans með foreldrum, að voru mæta síðan börnin í vorskóla í Grunnskólanum í Borgarnesi sem er þrjá morgna.

SAMSTARF VIÐ SKÓLAÞJÓNUSTU BORGARBYGGÐAR

Skólaþjónusta Borgarbyggðar mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni barna og unglinga og virku samstarfi við foreldra. Eins og fram kemur í Handbók skólaþjónustu Borgarbyggðar er það hlutverk skólaþjónustu að veita nemendum í leik- og grunnskólum og foreldrum þeirra stuðning. Einnig á skólaþjónustan að veita starfsfólki skóla og starfsemi þeirra stuðning. Þjónustan á að beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem hafi tök á því að leysa flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólstarfinu. Markmið skólaþjónustunnar er að sinna forvörnum sem stuðla að farsæl nemenda. Bregðast við vanda þeirra með snemmtækri íhlutun og ráðgjöf. Einnig er það markmið skólaþjónustunnar að veita þjónustu sem tryggir heildarsýn á aðstæður nemenda, styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi skólanna og veita stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Skólaþjónustan tryggir börnum aðgang að sérfræðiaðstoð, svo sem talmeinafræðingi, sálfræðingi, atferlisfræðingi og virknimatsráðgjafa. Sótt er um þá aðstoð í samráði við leikskólastjóra eða sérkennslustjóra.

SAMSTARF VIÐ HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS Í BORGARNESI

Leikskólar Borgarbyggðar eru í samstarfi við ungbarnaeftirlit heilsugæslunnar. Þar leggja hjúkrunarfræðingar þroskamat fyrir börn og spurningalista fyrir forráðamenn ef um áhyggjur er að ræða. Ef hjúkrunarfræðingi finnst tilefni til að hafa samband við leikskóla barnsins þá fær hann leyfi foreldra til þess. Hjúkrunarfræðingur hefur þá samband við sérkennslustjóra leikskólans og lætur vita af þeim áhyggjum sem eru og þannig getur sérkennslustjóri farið yfir næstu skref með starfsfólki og foreldrum með þarfir barnsins í huga.

Snemmtæk íhlutun í máli og læsi er lykill að farsælli framtíð barna, þar sem grunnur er lagður að námi, samskiptum og þátttöku í samfélaginu. Með markvissu samstarfi leikskólanna í Borgarbyggð og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu hefur skapast öflugur vettvangur þar sem fagmennska, þekking og samvinna styðja við þroska hvers barns.

Við trúum því að öll börn búi yfir hæfileikum til að vaxa og dafna þegar þau fá viðeigandi stuðning, hlýju og hvetjandi umhverfi. Með því að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, fjölbreyttar leiðir í námi og meðvitaða vinnu með mál og læsi er verið að skapa jöfn tækifæri fyrir öll börn til að ná hámarksárangri.

Samstarfið er ekki aðeins fjárfesting í börnunum sjálfum heldur í framtíð samfélagsins í heild. Með sameiginlegri sýn, skuldbindingu og áframhaldandi þróun tryggjum við að hvert barn fái tækifæri til að finna rödd sína og byggja sterkan grunn undir áframhaldandi nám og líf.

Þátttaka í verkefninu hefur haft víðtæk og jákvæð áhrif á bæði leikskólann og starfsfólkið. Verkefnið hefur styrkt faglega sýn og aukið meðvitund um mikilvægi markvissrar vinnu með mál og læsi í daglegu starfi. Starfsfólk hefur fengið aukin verkfæri, þekkingu og leiðir til að bregðast snemma við þörfum barna og styðja við þroska þeirra á markvissan og fjölbreyttan hátt.

Verkefnið hefur einnig eflt faglegt sjálfsöryggi starfsfólks, sem er nú betur í stakk búið til að mæta fjölbreyttum þörfum barna. Í heild sinni hefur það styrkt gæði námsumhverfisins og stuðlað að því að það sé markvissara, inngildandi og hvetjandi fyrir öll börn.

Að lokum má segja að verkefnið hafi lagt grunn að varanlegum umbótum í starfi leikskólans. Áhersla á mál og læsi mun áfram vera lykilþáttur í að efla nám, velferð og jöfn tækifæri barn.

Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2013). *Langtímarannsókn á forspárgildi málproskaathugana við 5–6 ára aldur um síðari líðan og reynslu*. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/013.pdf>

Árdís Hrönn Jónsdóttir (2013). *Orðaspjall- að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*. Leikskólinn Tjarnarsel.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsdóttir. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Höfundar.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tost. (2021). *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn- Verkfærakista hugmynda*. Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir.

Barna- og fjölskyldustofa. (e.d). *Farsæld barna*. //www.farsaeldbarna.is/

Borgarbyggð. (e.d). *Lestrarstefna leik- og grunnskóla í Borgarbyggð 2022-2026*. <https://dev.borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2023/09/Lestrarstefna-Borgarbyggdar-2022-2026.pdf>

Bryant, D. P., Bryant, B. R., & Smith, D. D. (2020). *Teaching students with special needs in inclusive classrooms* (2nd ed.). SAGE Publications, Inc.

Elín Ósk Harðardóttir. (2019). *Bernskulæsi í leikskólastarfi: Unnið með undirstöðuþætti les- og hlustunarskilnings*. <https://skemman.is/bitstream/1946/34178/1/Eli%cc%81n%20O%cc%81sk%20H ar%c3%b0ardo%cc%81ttir-%20Meistararitger%c3%b0.pdf>

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). *Málproski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlutunarskilning milli fjögura og fimm ára aldurs*. Netla- Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://opinvisindi.is/server/api/core/bitstreams/fa0cb7a4-0b0f-467d-b9f4-8c1512da2289/content>

Ingibjörg Georgsdóttir. (2008). Vöxtur og þroski. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar). *Þroskahömlun Barna; Orsakir, eðli, íhlutun*. Háskólaútgáfan.

Íslensk málnefnd. (2021). Íslensk málstefna 2021-2030. https://islenskan.is/wp-content/uploads/2022/12/islensk_malstefna_sept_2021.pdf

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 86/2021.

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2011/2023). *Aðalnámskrá leikskóla (vefútgáfa)*. Miðstöð menntunar- og skólalþjónustu. Sótt af: <https://www.adalnamskra.is/leikskoli>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2026: Greinarvið 2013*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. <https://www.stjornarradid.is/library/01-->

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20um%20studning%20vid%20modurmaal_islenska.pdf

Miðja máls og læsis. (e.d.). Unnið með málstefnur í skóla- og frístundastarfi.
<https://mml.reykjavik.is/2022/01/11/vinna-med-malstefnu/>

Otto, B. (2010). Language Development in Early Childhood.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringla: Háskólaforlag Máls og menningar.

Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bjarney Sigurðardóttir, Jóhanna Ella Jónsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2026). *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla – handbók*.
<https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/leidtillaesis.pdf>

Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun: yfirlit og áherslur. Ritstjórar; Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson. *Þroskahömlun Barna; Orsakir, eðli, íhlutun*. Háskólaútgáfan.